

Sólveig Anna  
svarar fyrir  
Eflingarjakkana

## FRETTABLAÐIÐ

FRÍTT

8. TÖLUBLAÐ 23. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FIMMTUDAGUR 12. JANÚAR 2023



Íslenska karlalandsliðið í handbolta hefur leik á HM í Svíþjóð í kvöld gegn Portúgölum. Létt var yfir Bjarka Má Elíssyni og félögum á æfingu í gær. MYND/HSI

LÍFIÐ 20

Frægustu  
jakkar allra  
tíma

SÉRBLAÐ UM HM 2

Katrín spáir Íslandi  
fimmta sæti á HM

MENNING 19

Urðu heltekin af  
morðóðum  
hjónumMátti alls ekki sjá  
ketti undir stýri**HANDBOLTI** „Ég jata að ég beit það í mig hér á árum áður að ef það hljóp köttur fyrir bilinn hjá mér á leiðinni í leik þá sneri ég við og fór einhverja aðra leið að leikstað,“ segir landsliðsþjálfari Íslands, Guðmundur Guðmundsson.Landsliðsþjálfarinn hefur síðan losnað við hjátrúna en sumir leikmannanna hafa fasta liði sem gera þurfi fyrir leiki. Björgvin Páll Gústavsson markvörður reyndi að losna við hjátrúna. Í dag lætur hann nægja að kyssa stangirnar tvær og slána á markinu og línuna á gólfinu – fyrir börnin sín. **SJÁ SIÐU 2**Guðmundur  
Guðmundsson

## Óttast mikil áhrif verkfalls

Hrikta mun í stoðum atvinnulífsins og einkum hjá ferðabjónustunni eftir aðeins rúmar tvær vikur ef verkföll hjá Eflingu verða samþykkt.

bth@frettabladid.is

**KJARAMÁL** „Það er gríðarlega alvarleg staða í uppsiglingu,“ segir Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðabjónustunnar, um verkfall hjá Eflingu.

„Ef verður verkfall verður það alfarið löglegt verkfall,“ segir Stefán Ólafsson, starfsmaður Eflingar og fyrrverandi prófessor í félagsfræði.

„Það er enginn að hugsa um allsherjarverkfall núna en það þarf ekki alltaf marga starfsmenn sem leggja niður vinnu til að áhrifin í samfélaginu geti orðið mjög mikil,“ segir Stefán.

Sérstök hættu stöðjar að ferðabjónustu, samgöngum og flutningum hér á landi ef til verkfalla kemur.



Það þarf ekki alltaf marga starfsmenn sem leggja niður vinnu til að áhrifin í samfélaginu geti orðið mjög mikil.

Stefán Ólafsson, starfsmaður Eflingar og fyrrverandi prófessor í félagsfræði

Sá starfsmannahópur sem um ræðir vinnur meðal annars við ræstingar, ýmsan akstur og uppskipun. Oluflutningar gætu einnig komist í uppnam.

Verkfall er versta mögulega niðurstæða úr kjaraviðræðum að sögn Jóhannesar Þórs.

„Fyrir ferðabjónustufyrirtæki í dag, einkum hótél og rútufyrirtæki, kæmi upp skelfileg staða ef verkföll skella á,“ segir hann. Fyrirtækin séu nýkomin út úr tveggja ára heimsfaraldri með gríðarlegum tekjumissum þar sem eigið fé hafi brunnið upp. Verkföll yrðu ekki bara ferðabjónustufyrirtækjum dýr heldur myndi allt samfélagið verða fyrir gríðarlegu tjóni að hans sögn.

„Eflingarfólk hlýtur að hugsa sig tvisvar um áður en fólk greiðir atkvæði með verkfalli og kastar milljarða kjarabótum frá sér afturvirk,“ segir Jóhannes Þór.

Stefán segir kröfu Eflingar tvíþætta, nýja launatöflu og sérstaka framfærsluuppbot vegna aukins húsnæðiskostnaðar á höfuðborgarsvæðinu samanborið við landsbyggðina.

Það mun taka Eflingarfólk eina viku að kjósa. Um viku síðar gæti komið til aðgerða þannig að áhrif eru hugsanleg fyrir mánaðamót. ■

HÚSASMÍÐJAN  
FYRIR  
ÞIG

ÚTSALA

Útsalan er líka í vefverslun

Skoðu  
útsölublaðið



## Fótboltastúlkur á Húsavík eru sárar

kristinnhaukur@frettabladid.is

**NORÐURLAND** Sjö knattspyrnu-stúlkur í þriðja flokki Völsungu á Húsavík hafa sent bæjarstjórn Norðurþings bréf þar sem þær segja slæmt ástand gervigrasvallarins beinlínis hafa valdið fjölmörgum og sársaukafullum meiðslum.

Meðal annars hafi ein þeirra slitið krossbönd í tvígang. Fjórar hafi álagsmeiðslu á hnjám sem kallast Oshgood-schlatter. „Það er verkur sem er mjög sársaukafullur og erfitt að losna við,“ segja þær. Allar hafi fest sig í grasinu og meitt sig, þar af ein skaddað rófubeinið alvarlega.

Segja þær til skammar að ekkert hafi verið gert eftir öll þessi slys og fleiri hjá öðrum flokkum.



Kjartan Páll Þórarinnsson, íþrótt- og tómsundafulltrúi

„Ef fótboltafélag eins og Völsungur á að ganga er algjört lágmark að aðstæður séu góðar,“ segir í bréfinu.

Kjartan Páll Þórarinnsson, íþrótt- og tómsundafulltrúi Norðurþings, segir völinn vera frá árinu 2012.

„Hann er orðinn tíu ára gamall og það styttist í líftímanum,“ segir Kjartan. Grasið sé þó heilt og engin föst áætlan sé um endurnýjun. „Við erum að fara í að skoða það. Það gæti orðið á komandi árum.“ ■

## Óttast ekki þaulsætið mengunarský



Reykjavíkurborg varaði í gær við styrk köfnunarefnisdíoxíðs. Froststillur geti valdið því að mengunarský haldist lengur yfir borginni. Spáð er frosti og logni næstu tíu daga en Þorsteinn Jóhannsson, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, hefur þó ekki verulegar áhyggjur af uppsafnaðri loftmengun. Til þess þurfi mjög hægán vind undir tveimur metrum á sekúndu en gert sé ráð fyrir nokkrum vindi, upp í átta metra, á næstu dögum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Hof of dýrt og verðskrá endurskoðuð


bth@frettabladid.is

**AKUREYRI** Stjórn Menningarfélags Akureyrar, MAK, sem rekur Hof er að vinna að endurskoðun á gjaldi sem greiða þarf fyrir útleigu á sölum menningarhússins fyrir tónleikahald.

Preben Jón Pétursson, formaður stjórnar MAK, segir þá vinnu ótengda gagnrýni sem Michael Jón Clarke tónlistarmaður hefur sett fram.

Michael Jón segir að salir Hofs séu of dýrir til að fólk úr tónlistarlegri grásrótt hafi efni á að nýta húsið undir tónleika. Hof sé eins og skrímsli sem étur börnin sín.

Preben Jón segir að Hof fái ríkisstyrki en samið hafi verið til þriggja ára og félög sem geri lengri samninga þurfi að taka á sig verðbólgu og launahækkningar.



Rekstrarlegar áskoranir eru fyrir hendi í Hofi á Akureyri.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

Veitingastaðurinn í Hofi hefur sagt upp samningi sínum við Hof en ekki er rétt að engin veitingasala fari fram þessa dagana innanhúss að sögn Prebens. Staðurinn er samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins sá fjórði í röðinni sem ekkert verður ágeugt í menningarhúsinu. ■

## Fór aðrar leiðir á leikstað ef köttur hljóp fyrir bílinn

Ísland leikur sinn fyrsta leik á HM í kvöld þegar liðið mætir Portúgal. Vonandi, fyrir Guðmund Guðmundsson landsliðsþjálfara, hleypur ekki köttur fyrir rútu íslenska liðsins á leið þess á leikstað í Svíþjóð.

aron@frettabladid.is

**ÍÞRÓTTIR** „Ég játa að ég beit það í mig hér á árum áður að ef það hljóp köttur fyrir bílinn hjá mér á leiðinni í leik þá sneri ég við og fór einhverja aðra leið að leikstað,“ segir landsliðsþjálfari Íslands, Guðmundur Guðmundsson, sem stýrir íslenska landsliðinu í fyrsta leik á heimsmeistaramótinu í handbolta í kvöld.

Guðmundur, sem er margreyndur þjálfari í bransanum, hefur þó enga sérstaka hjátrú fyrir leiki. Hann hefur í þriggja tekið við íslenska landsliðinu og stýrði liðinu meðal annars í verðlaunasæti á Ólympíuleikunum 2008 og Evrópumótinu 2010. Hann er núna á leið á sitt fimmta heimsmeistaramót með íslenska landsliðið.

Þrátt fyrir að hafa verið lengi að er Guðmundur ekkert sérstaklega hjátrúarfullur fyrir leiki. Ef kattarhlaupið er undanskilið.

„Sem betur fer er þetta ekki vandamál hjá mér lengur, þetta er horfið út úr minni „hjátrú“ ef svo mætti kalla,“ segir Guðmundur og hlær.

Eins og sjá má í sérblaði um HM sem fylgir Fréttablaðinu í dag horfir Viktor Gísli á sömu fjögur YouTube-myndböndin fyrir alla leiki.

Hvorki Aron Pálmarsson fyrirliði né Ómar Ingi Magnússon, íþróttamaður ársins, eru hjátrúarfullir.

Bjarki Már Elísson drekkur alltaf Nocco fyrir leiki.



Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari er ekki hjátrúarfullur en á þó eina gamla og góða sögu sem tengist köttum og leikdegi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**Björgvin Páll Gústavsson markvörður gerði allt til þess að vera ekki hjátrúarfullur. Í dag kyssir Björgvin slána og stangirnar í markinu – og marklínuna að auki, fyrir alla leiki.**

En enginn er eins og Björgvin Páll Gústavsson markvörður. Hann var orðinn svo svakalegur í hjátrúnni að hann gerði allt til þess að vera ekki hjátrúarfullur.

Í dag kyssir Björgvin stangirnar tvær og slána á markinu og línuna á gólfinu fyrir börnin sín.

„Hafi ég haft einhverja hjátrú á ákveðnu tímabili er sú hin sama bara úr sögunni,“ segir Guðmundur landsliðsþjálfari. Fyrir hann sem þjálfara snúist málið um að undirbúa sig og liðið eins vel og hann geti.

„Það snýr meira bara að ákveðinni rútnu í því hvernig ég vinn að hlutunum og að þeirri leið sem ég tel besta í átt að okkar markmiðum.“ ■

Mikið úrval af **HVÍLDARSTÓLUM** með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

**NYFORM**

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is





blómaval HÚSASMÍÐJAN

FYRIR ÞIG

# ÚTSALA

Útsalan er líka í vefverslun

Allar flísar

~~30-45%~~

Plastbox og hillurekkar

~~20-25%~~

Barnaöryggisvörur

~~20-50%~~

Öll búsaðhöld

~~20-30%~~

Öll verkfæri

~~20-30%~~

Öll LADY málning

~~30%~~

Blöndunartæki

~~25%~~

Öll plastbox

~~30%~~

Allt parket

~~25-50%~~



25%

STANLEY

Verkfærataaska  
24" Fatmax. 5024885

~~9.975~~  
6.995 kr



40%

BLACK+DECKER

Borvél 18V + 72 fylgihlutir  
Með 72 fylgihlutum, 2.0Ah rafhlaða, 1 stk. hraði 0-600 sn./mín., mesta hersla 3(Nm, Led ljós og 11 stillingar í herslu. 5245584

~~20.990~~  
12.590 kr



50%

osann

Barnabílstóll  
9-36 kg, mælt er með notkun frá 18 mánaða aldri. 43x51x44 cm. 3000806

~~32.090~~  
15.999 kr



ISOFIX

36%

B BERK

Þvottavél  
8 kg, 1400 sn., 14 þvottakerfi, hljóðstyrkur 57dB, í vindu 79dB. 85x47x59,5 cm. 1860471

~~78.990~~  
49.990 kr



175 kg  
HVER HILLA

20%

AVASCO

Hillurekki  
180x90x45 cm, 5 hillur, hver hilla ber 175 kg. 5803673

~~9.255~~  
7.484 kr



30%

orthex

Plastbox  
44 ltr., ytra mál: 58x39x30 cm. Innra mál: 46,6x26,6x 27,1 cm. 2007616

~~3.115~~  
2.181 kr



Skoðaðu útsölublaðið





# Segir unga atvinnubílstjóra beita fljóðljósum er síst skyldi

bth@frettabladid.is

**UMFERÐARÖRYGGI** Vísbendingar eru um að yngri atvinnubílstjórar á flutningabílum kunni sér ekki hóf í flóðlýsingu er þeir mæta bílum í myrkri á þjóðvegnum.

Guðmundur Hagalín Guðmundsson rafmagnsverkfræðingur segir sannarlega dæmi um að bílstjórar stórra flutningabíla flóðlýsi litla bíla sem komi á móti ef þeim líkar ekki meðhöndlun þeirra á ökuljósum.

Guðmundur segir að í seinni tíð með batnandi ljósabúnaði sé flóð-

lýsing á þökum flutningabíla orðin staðalbúnaður.

„Ef flutningabílstjóra er gefið merki um of há ljós með einu snöggu blikki svarar hann ekki í sömu mynt með háa geisla síns ökutækis heldur setur flóðljósin á. Það er að mínu mati ekki spurning hvort slys verður af þessu athæfi heldur hvenær,“ segir Guðmundur.

Einkum eru það yngri bílstjórar að sögn Guðmundar sem líta á flóðljósabúnað á þaki bíla sinna sem löglegan búnað til að beita á aðra ökumenn við akstur.



Edda Rut Björnsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Eimskipi

„Það getur ekki endað öðruvísi en með stórslysi þegar þeir beita flóðljósum í myrkri á ökutæki sem kemur úr gagnstæðri átt. Að gera slíkt má jafna við að beina hlöðnu

skotvopni að öðrum einstaklingi.“ Samgöngustofa segir að svona breytni sé refsiverð og beri að kæra fyrrgreind brot til lögreglu.

Eimskip er meðal þeirra fyrirtækja sem senda fjölda bíla dag hvern um þjóðvegi landsins með margs konar farm. Edda Rut Björnsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Eimskipi, segir að félagið hafi heyrt af svona málum, að ökumenn lítilla bíla lendi í vanda vegna of mikillar lýsingar frá flutningabílum.

„Það er mikilvægt að þessi stóru ökutæki séu búin góðum ljósum

enda keyra þau í alls kyns aðstæðum. Á sama tíma er mikilvægt að rétt sé farið með þau,“ segir Edda.

Farið er yfir notkun flóðljósa með ökumönnum á árlegum forvarnarfundum hjá fyrirtækinu. „Eimskip leggur mikla áherslu á öryggi og tilittssemi í umferðinni,“ segir Edda.

Stór ökutæki fá undanþágu frá reglugerð til að nota ljóskastara að því er fram hefur komið í svörum frá Samgöngustofu.

Samkvæmt lögreglumönnum sem rætt hefur verið við eru flestir atvinnubílstjórar til fyrirmyndar. ■

## Spreyjuðu yfir rándýra hleðslu

kristinnpall@frettabladid.is

**ÁRBORG** „Á nýju Selfosshöllinni er búið að stunda veggjakrot í óleyfi og búið að spreya yfir rándýra grjóthleðslu á hlið hússins sem verður erfitt að hreinsa,“ segir Kjartan Björnsson, formaður fristunda- og menningarnefndar og forseti bæjarstjórnar Árborgar.

Á síðasta fundi bæjarráðs Árborgar var rætt um fyrirsprungn lögreglunnar um refsiaðgerðir vegna skemmdarverka sem aukist hafi á síðustu mánuðum.



Það verður að taka fast á þessu máli.



Kjartan Björnsson, formaður fristunda- og menningarnefndar

„Þessu hefur iðulega verið tekið sem unglíngum að leika sér, en menn verða að átta sig á því að það er verið að skemma og eyðileggja eignir samfélagsins. Það verður að taka fast á þessu máli,“ segir Kjartan.

Að sögn Kjartans hafa verkferlar ekki verið skýrir í þessum málum og hvort hægt sé að kæra eða slíkt.

Ástæðan fyrir þessari bókun sé að verkferlarnir hafi ekki verið skýrir í tilvikum eins og þessum, hvort það sé hægt að kæra. Fyrirtæki hafi lýst yfir óánægju með þessa hegðun. ■

# Verkföll fárra gætu haft mikil áhrif

Hrikt gæti í stöðum samfélagsins eftir aðeins rúmar tvær vikur ef verkföll hjá Eflingu verða samþykkt. Samtök ferðaþjónustunnar brýna féлага Eflingar til að hugsa sig tvisvar um. Ný launatafla er bitbein.

bth@frettabladid.is

**KJARAMÁL** „Það er gríðarlega alvarleg staða í uppsiglingu,“ segir Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar.

Ef verkföll starfsmanna Eflingar verða að veruleika steðjar sérstök hætta að ferðaþjónustu, samgöngum og flutningum hér á landi. Mögulegt er að áhrifanna fari að gæta eftir hálfan mánuð.

Verkfall er versta mögulega niðurstaða úr kjaraviðræðum að sögn Jóhannesar Þórs.

„Fyrir ferðaþjónustufyrirtæki í dag, einkum hótél og rútufyrirtæki, kæmi upp skelfileg staða ef verkföll skella á,“ segir hann. Fyrirtækin séu nýkomin út úr tveggja ára heimsfaraldri með gríðarlegum tekjumissum þar sem eigið fé hafi brunnið upp. Verkföll yrðu ekki bara ferðaþjónustufyrirtækjum dýr heldur myndi allt samfélagið verða fyrir gríðarlegu tjóni að hans sögn.

„Eflingarfólk hlýtur að hugsa sig tvisvar um áður en fólk greiðir atkvæði með verkfalli og kastar milljarða kjarabótum frá sér afturvirk,“ segir Jóhannes Þór.

Kröfur Eflingar eru að grunnlaun hækki um 40.000 til 65.000 krónur auk framfærsluþbót. Halldór Benjamín Þorbergsson, hjá Samtökum atvinnulífsins, segir að himin og hafi beri á milli deilenda.

Eflingarfólk losar ríflega 20.000



Það er gríðarlega alvarleg staða í uppsiglingu.



Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF

manna hóp. Sá starfsmannahópur sem um ræðir vinnur meðal annars við ræstingar, ýmsan akstur og uppskipun. Ólíuflutningar gætu komist í uppnám en mestu áhrifin yrðu á hótél og rútubílafyrirtæki.

Stefán Ólafsson, starfsmaður Eflingar og fyrrverandi próffessor í félagsfræði, segir fyrir hönd Eflingar að tvennt skýri einkum að Efling hafi ekki gengið sömu götu og önnur félög á undan. Krafa Eflingar sé að launatafla starfsfólks verði byggð upp með nýjum hætti, öðruvísi en hjá Starfsgreinasambandinu.

„Samsetning okkar félagsmanna hvað varðar störf og starfsaldur er önnur. Okkar fólk er almennt með skemmri starfsaldur en verkafólk á landsbyggðinni. Launatafla Starfsgreinasambandsins skilar okkur lægri launum hér á höfuðborgarsvæðinu en úti á landi,“ segir Stefán.

Hin krafan er að félagsmenn Eflingar fái sérstaka framfærsluþbót vegna aukins húsnæðiskostnaðar á höfuðborgarsvæðinu samanborið við landsbyggðina.

„Þeir hafa algjörlega slegið sérstaka framfærsluþbót út af bordinu,“ segir Stefán um Samtök atvinnulífsins. „En ég átti von á því á síðasta fundi að þeir myndu opna á nýja launatöflu.“

Það mun taka Eflingarfólk eina viku að kjósa. Um viku síðar gæti komið til aðgerða. Samkvæmt sumum heimildum gætu orðið skærverkföll.

„Ef verður verkfall verður það alfarið löglegt verkfall,“ segir Stefán.

„Það er enginn að hugsa um allsherjarverkfall núna en það þarf ekki alltaf marga starfsmenn sem leggja niður vinnu til að áhrifin í samfélaginu geti orðið mjög mikil.“ ■

Mikill hiti skapaðist árið 2019 þegar starfsfólk á hótélum lét sverfa til stáls. Mögulegt er að sagan endurtaki sig.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ANTON BRINK







# PERSÓNULEGAR SÓTTVARNIR MEÐ NÚMER EITT!

TVÆR TEGUNDIR HANDSPRITT:  
SÍTRÓNA OG LAVENDER  
ILMURINN ER EINSTAKUR



Einstakt handspritt með 100% hreinum ilmkjarnaolíum og hafþyrnisolíu sem hefur magnaða húðbætandi eiginleika.  
Sótthreinsispritt með einstökum ilmi af sítrónugrasi. 100% hrein ilmkjarnaolía sem virkar hressandi og upplifgandi.

ILMANDI – SKÍNANDI – HREINT



Fæst í flestum apótekum, stórmörkuðum og heilsuvöruverslunum.

 **númer eitt**

ÞÍN HEILSA – OKKAR ÁSTRÍÐA



## Japanir laða barnafjölskyldur út á land

kristinnhaukur@frettabladid.is

**JAPAN** Japanska ríkisstjórnin ætlar að margfalda greiðslur til barnafólks á stór-Tókýósvæðinu sem flytur út á land. Mun hver fjölskylda sem það gerir fá 1 milljón jena, eða rúmlega 1 milljón króna, á hvert barn. Aður var stuðningurinn 300 þúsund.

Ymsar ástæður eru fyrir þessu. Meðal annars allt of mikill fjölskyldi og þétt byggð á Tókýósvæðinu. Þar búa nú rúmlega 37 milljónir manna, sem er meira en íbúafjöldi Úkraínu.

Einnig eru mörg svæði í Japan þar sem fjölskyldur hefur orðið á undanföllum áratugum og einkum



Öldrun þjóðarinnar er mikið vandamál í Japan. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

hefur ungu fólki fækkað. Öldrun japönsku þjóðarinnar er þegar orðið mikið lýðfræðilegt vandamál. Þetta á sérstaklega við í dreifðari byggðum landsins. ■



Úkraínsk fjölskylda á flötta í Leifsstöð í mars í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Flóttafólk í mygluðu húsi í Grindavík

benediktboas@frettabladid.is

**STJÓRNSÝSLA** Flóttamenn og þeir sem leita eftir alþjóðlegri vernd eru vistaðir í mygluðu húsnæði í Grindavík. Bæjarráðið hótar að setja dagsektir á stjórnvöld.

„Það eru bæjarráði mikil vonbrigði að Vinnuálastofnun skuli ekkert hafa gert með afgreiðslu bæjarstjórnar, sem byggði á lögfræðilíti, um að útleiga hússins fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd eða flóttamenn samræmist ekki samþykktari notkun hússins eða deiliskipulagi,“ bókaði bæjarráðið í gær.

Vinnuálastofnun leigir gamla félagsheimilið Festi fyrir hópana.

Í nýjasta blaði Víkurfréttar segir að húsnæðið hafi ekki verið í notkun vegna heilsuspillandi aðstæðna

og myglu. Heilbrigðiseftirlitið hafi afturkallað rekstrarleyfi hússins.

Vinnuálastofnun segir í bréfi til bæjarins að Festi sé eina húsnæðið sem sé fast í hendi til þess að mæta brýnni húsnæðisþörf. Því þurfi að taka húsnæðið í notkun í þrátt fyrir afstöðu heimamanna.

Bæjarráðið hefur falið Bjarna Rúnari Einarssyni, skipulags- og byggingarfulltrúa, að óska upplýsinga frá Vinnuálastofnun og eiganda félagsheimilisins. Skal hann skoða í kjölfarið hvort tilefni geti verið til að beita heimildum, meðal annars dagsektum, en hámark dagsektar er 500 þúsund krónur.

Þá er Bjarna einnig falið að upplýsa sýslumann og lögfræðingavöld um að starfsemi kunni að vera hafin þrátt fyrir að rekstrarleyfi hafi ekki verið gefið út. ■



ÍBV fær þrefalt hærri styrk en næsta félag á listanum, Fylkir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Fékk fjórðung af styrk til íþróttafélaga

kristinnpall@frettabladid.is

**ÍÞRÓTTIR** Mennta- og barnamálaráðherra úthlutaði í gær 450 milljónum til íþróttahreyfingarinnar vegna tekjutaps af völdum Covid. Af styrknum fara ríflega 112 milljónir til íþróttafélaga. Fékk ÍBV langmest, 27,4 milljónir eða nær fjórðung alls styrksins til félaganna.

Af heildarupphæðinni fara rúmlega 260 milljónir til sersambanda, tæplega 21 milljón til æskulýðsamtaka og tæplega 55 milljónir til íþróttahéraða á borð við Íþróttabandalag Reykjavíkur.

Þetta var í þriðja og síðasta skiptið sem ráðuneytið bauð íþróttahreyfingunni styrki til að bæta upp fyrir tekjutap vegna Covid. Vorið 2020 var einnig úthlutað 450 milljónum króna og öðrum 300 milljónum í árslok 2020.

„Nú lýkur mótvægisáðgerðum stjórnvalda,“ sagði Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra í yfirlýsingu.

Knattspyrnusamband Ísland fékk hæsta framlagid að þessu sinni, 110 milljónir, helmingi meira en næsti styrkþegi sem er Handboltasambandið með 54,7 milljónir króna. ■

## Svona verjum við peningunum

21,4%

Afborganir og leiga



8,8%

Rekstur bíla



8,2%

Veitingastaðir



3,0%

Föt



2,9%

Áfengi



2,1%

Rafmagn



1,1%

Garðvörur og gæludýr



11%

Matur



1,1%

Vatn



1,0%

Tóbak



0,9%

Heimilistæki



## Íslendingar fara mikið út að borða en reykja lítið

Greining Evrópusambandsins á heimilisútgjöldum sýnir að Íslendingar verja miklu fé í húsnæði, bíla, áfengi og veitingastaði. Minna í rafmagn, vatn, strætó og sigarettur.

kristinnhaukur@frettabladid.is

**NEYTENDUR** Íslendingar eyða mun stærri hluta tekna sinna á veitingastöðum en aðrir Evrópumenn. Eða 8,2 prósentum á meðal meðaltal álfunnar er aðeins 5,3. Þetta er meðal þess sem kemur fram í greiningu Evrópusambandsins á heimilisútgjöldum hvers lands.

Greiningin gerir ekki ráð fyrir hvað vörur eða þjónusta kostar í hverju landi eða hverjar meðaltekjurnar eru. Aðeins hversu stór hluti af heimilisútgjöldunum fer í hvaða flokk, bæði yfirflokk og undirflokk.

Þegar yfirflokkarnir eru skoðaðir sést að Íslendingar verja rúmum fjórðungi útgjalda sinna í húsnæðismál, það er 25,4 prósent. 12,9 prósent fara í mat og drykki (ekki áfenga), sama hlutfall fer í samgöngur, 10,4 prósent í afþreyingu og menningu, 10,3 prósent í veitingastaði og hótél, 7,4 í aðrar vörur og þjónustu, 5,8 í húsgögn og innréttingar, 4,2 í vimuefni, 3,7 í föt og skó, 3,2 í fjarskipti, 2,8 í heilsu og 1 prósent í menntun.

Mikið hefur verið fjallað um háan húsnæðiskostnað á Íslandi og kemur því ekki á óvart að Íslendingar eyði töluvert stærri hluta tekna sinna í afborganir og leigu, eða 21,4 prósentum á móti aðeins 17,5 prósentum í Evrópu, nærri 4 prósentum minna.

Á móti kemur að Íslendingar verja aðeins 2,1 prósent í rafmagn og 1,1 í vatn á meðan hlutföllin í Evrópu eru 4,5 og 2 prósent. Ætla má að þessi



Mathallir hafa sprottið upp eins og gorkúlur og Íslendingar sækja þær grimmt. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



0,4 prósent heimilisútgjalda fara í fíkniefni.

munur sé að aukast í ljósi orkuskráunnar sem bitnar hart á Evrópu.

Í tölunum sést líka að Íslendingar treysta meira á einkabilinn en almenningssamgöngur. 8,8 prósent útgjalda fara í rekstur farartækis en 7 prósent í Evrópu. Hins vegar verja Íslendingar aðeins 0,7 prósentum í almenningssamgöngur en hlutfallið er rúmlega tvöfalt í Evrópu, 1,5 prósent.

Önnur samfélagsbreyting sem sést glögglega er í neyslu tóbaks. Íslendingar verja aðeins 1 prósent útgjalda í tóbak, þrátt fyrir hátt tóbaksgjald. Árið 1968 reykti annar hver fullorðinn Íslendingur en nú aðeins 7 prósent. Reykingar eru enn þá útbreiddar í Evrópu, sér-

staklega í suður- og austurhlutanum og verja Evrópumenn 2 prósentum sinna útgjalda í tóbak.

Íslendingar verja hins vegar meiru í áfengi en Evrópubúar, 2,9 prósent heimilisbókhalda sinna fara hér í áfengi samanborið við 1,8 prósent. Þá verja Íslendingar 0,4 prósentum í ólögleg fíkniefni en ekki eru til tölur frá öllum Evrópulöndum um það.

Ellefu prósent útgjalda heimilisins fara í matvöru úr búðum og 1,9 í óáfenga drykki. Þetta er lægra hlutfall en í Evrópu en skýrist líklega að miklu leyti af því hversu miklu fé Íslendingar verja á veitingastöðum.

Af öðrum einstökum liðum má nefna að Íslendingar verja 3 prósentum í fatnað, 3 í síma og netþjónustu, 2,2 í hreinlætisvörur, 1,3 í lyf og heilbrigðisvörur, 1,3 í húsgögn og teppi, 1,2 í dagblöð, bækur og ritföng, 1,1 í tryggingar, 1,1 í garðvörur og gæludýr, 0,9 í heimilistæki, 0,6 prósentum í skó, 0,6 í borðbúnað, 0,5 í lín, 0,4 í verkfæri og 0,1 í símtæki. ■

## Aðgerðasinnar reknir á brott úr kolaborpi í Þýskalandi

helgisteinar@frettabladid.is

**ÞÝSKALAND** Öeirðalögregla byrjaði í gær að fjarlægja loftslagsaðgerðasinnna úr bænum Lützerath í vesturhluta Þýskalands. Aðgerðasinnarnir hafa mótmælt eyðileggingu þorpsins af hálfu þýsks orkufyrirtækis sem hyggst stækka kolanámu í grenndinni.

Aðgerðasinnar klifruðu upp í tré og köstuðu grjóti og skutu flugeldum í átt að lögreglu. Sumir þeirra hafa verið í þorpinu í meira en ár eftir að síðasti íbúinn flutti á brott.



Lögreglumenn handtóku mótmælendur í bænum Lützerath í vesturhluta Þýskalands. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Þýska ríkisstjórnin segist þurfa meiri kol til að uppfylla orkuþörf landsins sem geti ekki lengur reitt sig á gas frá Rússlandi. Mótmælendur segja hins vegar að hætta hefði átt notkun kola fyrir löngu í ljósi loftslagsbreytinga.

Orkufyrirtækið RWE hefur samið við héraðsstjórnina um að takmarka stærð námunnar. Upprunalega stóð til að rífa fimm þorp en hætt var við þær áætlanir. Lützerath verður að öllum líkindum seinasta þýska þorpið sem mun víkja fyrir námavinnslu. ■



# GILDI

## Það er kominn tími til að tala um gildi

Þegar mörg okkar láta sér nægja að lesa fyrirsagnir og fletta samfélagsmiðlum, sjáum við tækifæri í því að tala um innihald. Þegar umræðan einkennist meira og minna af átökum og upphrópunum, sjáum við tækifæri til að tala um hugmyndir. Hugmyndir til að skapa, ná árangri, finna innri styrk og gefa lífinu tilgang.

Gildi eru óskrifaðar reglur sem við víkjum aldrei frá og eru okkur leiðarljós til að ná árangri og leggja grunn að hamingjusömu lífi. Góð gildi gera okkur að áhrifamiklum og mætum manneskjum.

**Hver eru þín gildi?**

**Dale Carnegie®**

Sjáðu meira um gildi á [dale.is](http://dale.is)



# Fjárfesting á pari við nýjan Landspítala



Guðmundur Gunnarsson  
ggunnars@frettabladid.is

Fjárfesting GeoSalmo í landeldisstöð fyrirtekisins í Ölfusi getur numið allt að 90 milljónum króna strax á næstu árum. Það er á pari við áætlanir um kostnað ríkisins vegna nýs Landspítala í Vatnsmyri.

Þrjú fiskeldisfyrirtæki vinna nú að því að koma upp landeldisverksmiðjum vestan við Þorlákshöfn í sveitarfélaginu Ölfusi. Eitt þeirra er fyrirtækið GeoSalmo sem skilaði umhverfismatskýrslu til Skipulagsstofnunar á síðasta ári. Undirbúningur fyrirtekisins vegna framkvæmda á svæðinu er þegar hafinn.

Jens Þórðarson, framkvæmdastjóri fyrirtekisins, segir að uppbyggingin muni taka að lágmarki þrjú ár og áætlanir geri ráð fyrir að allt að 25 þúsund tonn af eldislaxi verði framleidd í verksmiðjunni.

„Við sjáum samt fyrir okkur að stækka starfseminu enn frekar í Ölfusi þegar fram í sækir,“ segir Jens.

Hann bætir við að fyrirhugaðar framkvæmdir upp á 80 til 90 milljarða séu þegar að fullu fjármagnaðar og að baki standi stór hópur íslenskra fjárfesta.

Samkvæmt fyrirtækjaskrá á Aðalsteinn Jóhannsson stóran hlut í GeoSalmo. Aðalsteinn hefur meðal annars fjárfest í Advania og Beringer Finance.

Fyrir í þessari viku ákvað svo sveitarfélagið Vogar á Vatnsleysuströnd að ganga til viðræðna við GeoSalmo um uppbyggingu eldisstöðvar sem áætlað er að verði af svipaðri stærðargráðu og verksmiðjan í Ölfusi.

Það er því ljóst að GeoSalmo er stórhuga þegar kemur að uppbyggingu landeldis á suðvesturhorni landsins.

Jens segir enda fulla ástæðu til. Aðstæður hér á landi séu allar hinar ákjósanlegustu og vaxtarmöguleikarnir miklir í greininni.

„Eftir því sem við komumst næst er hvergi að finna jafn góðar aðstæður fyrir landeldi á Íslandi frá náttúrunnar hendi.“

Hér er hægt að bora eftir sjó í jörðu, sem er alls ekki sjálfgæfið.



Forsvarsmenn landeldisstöðvar GeoSalmo við Þorlákshöfn sjá fyrir sér enn frekari vaxtarmöguleika á svæðinu.

MYND/ADSEND



Eftir því sem við komumst næst er hvergi að finna jafn góðar aðstæður fyrir landeldi og á Íslandi.



Jens Þórðarson,  
framkvæmdastjóri GeoSalmo

Það þýðir um leið að við getum beitt tækni sem hefur þegar sannað gildi sitt og er til þess að gera einföld,“ segir Jens.

Það sé sannarlega mikilvægt að það sem skipti jafnvel enn meira máli sé að hagkvæmur og stöðugur raforkumarkaður sé fyrir hendi hér á landi. Það sé veigamesta forsenda þess að hægt sé að byggja upp landeldi í stórum stíl. Og þar standi Ísland öðrum löndum frammar.

„Bent hefur verið á að það sé ekki mikil orka eftir til skiptanna á Íslandi en þá er mikilvægt að muna að landeldi þarf ekki mikla orku. Það er að segja ef horft er til þess hve mikil verðmæti geta skapast.“

Þriðja stöðin sem geri undirlendi á suðvesturhorni landsins fýsilegt sé allt það landrymi sem þar sé til staðar.

*En hvert stefnir greinin? Hvaða möguleikar eru fyrir hendi til framtíðar í landeldi á Íslandi?*

„Þetta er mjög ung atvinnugrein á heimsvísu og fá fyrirtæki komin langt á leið. Það er að segja á þessum stóra skala sem við einblinum á.“

Norðmenn eru komnir lengst. Eins og í laxeldinu almennt. Hvort sem það er á landi eða í sjó. Þar er

til að mynda eitt fyrirtæki komið af stað með framleiðslu á stórum skala og gengur vel.

Þannig að við erum mjög framarlega í þessari þróun,“ segir Jens.

Varðandi hvaða þýðingu uppbygging greinarinnar geti haft fyrir þjóðarbúið segist Jens ekki í nokkrum vafa um að laxeldi geti orðið ein af burðarstöðum atvinnulífs á Íslandi áður en langt um líður.

„Greinin þarf ekki að vaxa nema upp í svona þrjú hundruð þúsund tonn til að vera orðin jafn stór og íslenski sjávarútvegurinn í heild sinni.“

Það áhugaverða við eldið er svo að við höfum alla möguleika til að þróa sjálfbæra aðfangakeðju. Þar með værum við ekki bara komin með atvinnugrein sem væri að skapa tekjur á við aðrar stórar greinar heldur værum við líka með grein sem væri alíslensk og í samræmi við stefnu landsins í loftslagsmálum.“

Jens segir alveg ljóst að það sé eftir heilmiklu að slægjast í uppbyggingu landeldis á Íslandi. Þess vegna séu fjárfestar farnir að sýna greininni þennan gríðarlega áhuga. ■

## Sparar lesturinn til efri árána

### Svipmynd

Sölvi Rúnar Pétursson

#### Nám:

MS-gráða í viðskiptafræði með áherslu á markaðsfræði og alþjóðaviðskipti frá Háskóla Íslands.

#### Fjölskylduhagir:

Í sambúð með Daníelu Rún Reynisdóttur, 4 börn.

Sölvi Rúnar Pétursson tók við stöðu markaðsstjóra Justikal í nóvember á síðasta ári. Áður starfaði hann í rúm fjögur ár hjá auglýsingastofunni ENNEMM og þar áður starfaði hann við markaðsmál í Kaupmannahöfn fyrir DigitasLBI Nordics, Evendo og Lessor A/S.

Nýsköpunarfyrirtækið Justikal hefur á síðustu árum hannað hugbúnað sem gerir lögmönnum og öðrum aðilum kleift að senda gögn rafrænt til dómstóla. „Lausnin er þannig uppbyggð að málsaðilar fá tilkynningar þegar eitthvað nýtt gerist í þeirra málum og þeir eru því alltaf upplýstir um framvindu sinna mála. Lausnin miðar að því að auðvelda störf allra aðila sem koma að dómsmálum og gæti sparað



íslensku samfélagi háar fjárhæðir á ári hverju,“ segir Sölvi.

„Við erum á ákaflega spennandi stað í dag með tilbúna lausn fyrir markaðinn og stefnum á að fjölga notendum hratt innanlands á næstu vikum og mánuðum þegar fleiri og fleiri munu sjá þann ábata sem kerfið skilar.“

Á næstu misserum munum við síðan fjölga starfsmönnum, stór-

efla þróun og byggja upp alþjóðlegt sölu- og markaðsteymi til að sækja á erlenda markaði en engar sambærilegar lausnir eru í boði erlendis sem gerir vegferðina ákaflega spennandi,“ segir hann.

#### Hver eru helstu áhugamálin?

„Ég hef alltaf haft gaman af því að hreyfa mig en hreyfing hefur alltaf verið stór hluti af mínu lífi, sama í hvaða formi hún er. Í augnablikinu

reyni ég að fara sem oftast með krakkana upp í Bláfjöll á skíði eða á snjóbretti við góðar undirtektir. Þegar ég var yngri var ég á kafi í borðtennis en þar hefur elsti sonur minn tekið við keflinu með miklum sóma.“

Ég hef einnig mjög gaman af öllum ferðalögum innanlands og erlendis og að njóta góðra stunda með fjölskyldu og vinum.“

Sölvi Rúnar Pétursson, markaðsstjóri Justikal, fer mikið með fjölskylduna í Bláfjöll um þessar mundir.

MYND/BENT MARINÓSSON



Hreyfing hefur alltaf verið stór hluti af mínu lífi, sama í hvaða formi hún er.

#### Hver er uppáhaldsbókin?

„Ég á í raun enga uppáhaldsbók og myndi seint flokka mig sem lestrarhest en ég segi stundum að ég sé að spara lesturinn til efri árána.“

*Besta sumarfríið sem þú hefur farið í?*

„Það er alltaf nærtækast að nefna það sem maður gerði síðasta sumar en við vorum svo heppin að fá að fagna tveimur stórafmælum erlendis með stórfjölskyldum okkar. Annars vegar fögnuðum við 70 ára afmæli pabba á Tenerife og hins vegar 60 ára afmæli tengdapabba í Salou á Spáni. Báðar ferðir voru ákaflega vel heppnaðar en þrátt fyrir að Covid hafi sett svip sinn á aðra ferðina þá náðum við að búa til dýrmætar minningar fyrir okkur og krakkana.“ ■



# Þrotlaus vinna að baki velgengninni

Gerður í Blush segir það enga tilviljun að henni hafi ásamt góðu fólki tekist að byggja upp íslenska kynlífstækjaverslun sem velti á bilinu sex til sjö hundruð milljónum króna á ári. Allt byggir þetta á þrotlausri vinnu, þrautseigju og ástríðu fyrir viðfangsefninu.

ggunnars@frettabladid.is

„Það er búið að leggja rosalega vinnu í þetta. Líf mitt snýst um þetta og ég hef verið vakin og sofin yfir þessu fyrirtæki síðastliðin þrettán ár,“ segir Gerður Huld Arinbjarnardóttir, eigandi kynlífstækjaverslunarinnar Blush.

Gerður hefur vakið verðskuldada athygli í íslensku viðskiptalífi undanfarin ár. Ekki síst fyrir óhefðbundnar aðferðir í markaðssetningu.

Hún segir Blush samt ekki hafa sprottið upp úr einskærum áhuga hennar á kynlífstækjum. Öðru nær. „Grunnurinn að fyrirtækinu er miklu frekar að ég sá að þarna var rakið tækifæri. Áttaði mig á að það var risastórt gat á þessum markaði og ákvað að gera eitthvað í því,“ segir Gerður.

Þegar hún keypti sitt fyrsta kynlífstæki fannst henni eins og hún væri að gera eitthvað ólöglegt. Þetta hafi allt verið svo mikið tabú.

„Svo fór ég að lesa mér til og komst að því að allar spár bentu til þess að markaður fyrir vörur sem tengjast kynlífi ætti eftir að margfaldast að stærð á næstu árum í Evrópu. Þá varð eiginlega ekki aftur snúið. Mér fannst tækifærið of gott



Gerður í Blush var í hispurslausu viðtali í Markaðnum á Hringbraut í gærkvöldi.

MYND/HRINGBRAUT

til að láta það fram hjá mér fara. Svo langaði mig líka til að breyta þessari neikvæðu á mynd kynlífstækja og viðhorfi fólks til kynlífs um leið.“

En þótt Gerður hafi vitað að hugmyndin væri góð var hún ekkert endilega viss um að hún væri rétta manneskjan til að hrinda henni í framkvæmd. Hennar stærsta áskorun í upphafi hafi verið að öðlast nægilega mikla trú á sjálfri sér.

„Á þessum tíma var ég rétt skriðin yfir tvítugt og að koma úr fæðing-

arorlofi. Eina menntunin sem ég hafði upp á vasann var grunnskóla-próf. Ég vissi til dæmis ekkert hvað virðisaukaskattur var. Komst ekki að því fyrr en mörgum mánuðum eftir að ég stofnaði fyrirtækið,“ segir Gerður og hlær.

„Þannig að ég var aðallega að glíma við eigin fordóma. Svona í fyrstu. Gagnvart sjálfri mér. Ég hef alveg þurft að vinna í sjálfri mér hvað það varðar.“

Að sögn Gerðar reyndist þessi

skortur á sjálfstrausti, svona eftir á að hyggja, stærsta hindrunin. Viðbrögðin í viðskiptalífínu eða álit annarra hafi haft minna að segja. Allar efasemdaraddirnar hafi frekar styrkt hana í þeirri trú að hún væri með eitthvað stórt í höndunum.

„Ég var oft spurð að því hvernig ég endaði í kynlífstækjabransanum. Eins og þetta væri einhvers konar endastöð sem enginn óskar sér. Það finnst mér enn í dag mjög fyndið.

Svo er þetta auðvitað mjög karl-

”

Ég þurfti alveg að sanna mig. Sýna fólki að þessari 21 árs gömlu konu frá Íslandi væri alvara.

Gerður Huld Arinbjarnardóttir, eigandi Blush

lægur bransi. Þegar ég var að fara á mínar fyrstu vörusýningar erlendis var ég eina konan í Evrópu sem rak eigin kynlífstækjaverslun. Ég þurfti alveg að sanna mig. Sýna fólki að þessari 21 árs gömlu konu frá Íslandi væri alvara,“ segir Gerður.

Það hafi henni tekist með mikilli vinnu og þrautseigju.

„Í raun er það lykillinn að velgengni Blush og öllu þessu ævintýri. Okkur hefur gengið fánlega vel en það er fyrst og fremst vegna þess að við erum búin að vinna fyrir því. ■



Forstjóri Niceair segir heilmikla flugumferð að norðan til Skandinavíu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AXEL

## Segir klippikort Niceair veita öryggi

helgisteinar@frettabladid.is

Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, forstjóri Niceair, segir að hugmyndin um að bjóða upp á klippikort fyrir flugferðir hafi mælst vel fyrir meðal viðskiptavina Niceair. Hann segir kortin auðveldla fjölskyldum og fastakúnum að ferðast á milli landa.

„Þessu hefur verið vel tekið af neytendum, ekki síst vegna þess að það er svo mikið öryggi í þessu. Farið kostar alltaf það sama óháð því hvað er bókað í vélinu. Þú ert alltaf með öruggt sæti á sama verði.“

Niceair býður upp á tvenns konar klippikort fyrir viðskiptavinum. Tíu ferðir til eða frá Kaupmannahöfn kosta 350 þúsund og tíu ferðir til eða frá Tenerife fást á 660 þúsund. Þorvaldur segir að ódýrasta fargjaldið frá Akureyri til Kaupmannahafnar sé í kringum 20 þúsund, en það dýrasta á rúmlega 60 þúsund.

Hann segist hafa fengið hugmyndina sökum þess hve mikil umferðin er frá Norðurlandi til Skandinavíu, en margir íbúar á

”

Þetta gæti kannski verið hugmynd fyrir önnur flugfélög að skoða.



Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, forstjóri Niceair

Norður- og Austurlandi eru einnig búsettir á Norðurlöndunum.

„Þetta gæti kannski verið hugmynd fyrir önnur flugfélög að skoða, en við metum auðvitað stöðuna okkar út frá okkar eftirspurn, sem hefur verið góð,“ segir Þorvaldur. ■

## Áskorun um að skrá raunverulega eigendur

Skráningarskyldum aðilum sem falla undir ákvæði til bráðbirgða I við lög um skráningu raunverulegra eigenda, nr. 82/2019 ber að skrá raunverulega eigendur sína, sbr. 2. mgr. 4. gr. laganna.

Hér með er skorað á þá lögaðila sem **ekki hafa skráð** raunverulega eigendur í fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra að sinna skráningarskyldu innan tveggja vikna frá því áskorun var birt í Lögbirtingablaði þann 11. janúar 2023, sbr. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II við lög um skráningu raunverulegra eigenda, nr. 82/2019, sbr. lög nr. 139/2022.

Sinni þeir lögaðilar sem enn eiga eftir að skrá raunverulega eigendur ekki skyldu sinni með fullnægjandi hætti innan þess tíma mun ríkisskattstjóri taka ákvörðun um að krefjast skipta á þeim og í kjölfarið krefjast dómsúrskurðar um slit eða skipti, sbr. 3. mgr. og 6. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II við lög um skráningu raunverulegra eigenda, nr. 82/2019, sbr. lög nr. 139/2022.

Vakin er athygli á að áður en tveggja vikna frestinum lýkur getur fyrirsvarsmáður aðila óskað eftir því að fresturinn verði framlengdur allt að tveimur vikum og ber ríkisskattstjóra að verða við því ef hann telur lögmætar ástæður réttlæta frekari drátt á að skráningarskyldu sé sinnt.

Nánari upplýsingar má finna á svæði fyrirtækjaskrár á [www.skatturinn.is](http://www.skatturinn.is)

Skatturinn

fyrirtaekjaskra@skatturinn.is

442 1000

Upplýsingaver opið:  
Mán.-fim. 9:00-15:30  
Fös. 9:00-14:00



# Sátt fyrir suma



Sigmundur Ernir Rúnarsson  
ser  
@frettabladid.is

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um orsakir efnahagshrunsins fyrir bráðum hálfum öðrum áratug var með þeim þykkari sem settar hafa verið saman hér á landi. Óvíst er hversu margir lásu hana – og álíka óljóst hversu mikið landsmenn hafa lært af henni.

Viðskiptalífið reynir enn að fara á svig við síðareglur og landslög, sem þykir eftir sem áður vera til marks um útsjónarsemi og áræðni þeirra sem ákafast ætla að græða, fremur en ábyrgð og vandvirkni.

Þetta hefur opinberast í útboði Bankasýslunnar á 22,5 prósentu hlut ríkisins í Íslandsbanka í mars í fyrra. Þar var gengið svo hratt um gleðinnar dyr að mörgum er til efs að ríkjandi stjórnvöldum verði leyft að selja frekari hluti í bankanum. Og það er synd, því ríkið á ekki að þenja sig á þessum vettvangi áhættu- og samkeppnisrexturs, en fráleitt er að það haldi utan um stærsta eignarhlutinn í íslensku fjármálalífi.

Nýjustu vendingar í þessu bankasöluclúðri eru einstaklega afhjúpanði fyrir það spillta samfélag sem enn þrífst á Íslandi, og mun sjálf-sagt áfram gera í samfélagi þar sem glæpir og afbrot eru flokkuð eftir því hverjir standa að þeim.

Margt bendir til þess að starfsmenn Íslandsbanka hafi nýtt sér innherjaupplýsingar til að auðgast sjálfir á útboði Bankasýslunnar á síðasta ári. Þeir hafi haft innanhússforskot á aðra kaupendur – og nýtt sér það óspart. Öðruvísi verður frummat fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands á framkvæmd útboðsins ekki skilið. Í matinu kemur fram að eftirlitið telji að bankinn kunni að hafa brotið gegn ákvæðum laga og reglna sem gilda um bankann og starfsemi hans.

Forkólfar Íslandsbanka hafa séð sig knúna til að senda frá sér tilkynningu vegna frum-matsins, þess efnis að sattaferli sé hafið á milli bankans og eftirlitsins. Heyr á endemi – og er hér ólíku saman að jafna við það sem yfirmenn bankans hafa áður haldið fram, en þeir hafi einmitt farið að öllum settum reglum við söluferlið.

Af hverju í ósköpunum þarf hann þá að taka þátt í sáttameðferð með Seðlabanka Íslands? Það verður ekki túlkað öðruvísi en svo að hann viðurkenni að lög hafi verið brotin innan bankans – og að grandalausir eigendur hans, almenningur, þurfi nú að seta því að bankinn greiði háa sekt vegna lögbrota.

Og til að kóróna vitleysuna eru bankamennirnir nú komnir í meðferð. ■

”  
Nýjustu vendingar í þessu bankasöluclúðri eru einstaklega afhjúpanði fyrir það spillta samfélag sem enn þrífst á Íslandi.

## ■ Halldór



## ■ Frá degi til dags

benediktboas@frettabladid.is

### Einfalt að vera snillingur

Samfélagsmiðlastjóri RÚV, Atli Fannar Bjarkason, fór mikinn í Dr. Football þar sem hann fann HSÍ nánast allt til foráttu varðandi samfélagsmiðlakunnáttu sambandsins. Skildi til dæmis ekki af hverju HSÍ væri ekki að græða peninga á samfélagsmiðlum. Atli sagði í þættinum frá sínum eigin verkum á RÚV og hvað RÚV væri frábært á öllum samfélagsmiðlum. Galdurinn, samkvæmt Atla, við að vera frábær á samfélagsmiðlum er að taka það sem er gott á dagskrá RÚV og setja á samfélagsmiðla. Það væru nú allir töfrarnir. Hvort sem það væru hlutar af Áramótaskaupinu, eða uppstandi Sóla Hólm og horfa á lækinn hrúgast inn.

### Milljarða forskot

Eins og RÚV-urum er tamt er lítill skilningur á öðru umhverfi en að fá gefins milljarða. Ef HSÍ fengi sömu milljarða gefins á ári og RÚV væri pottþétt samfélagsmiðlastjóri innan HSÍ. Það væri jafnvel hægt að ráða heila deild og sérstakan starfsmann til að sinna TikTok eins og á RÚV. HSÍ fær því miður ekki alla þessa milljarða og getur því ekki verið að klippa efni í eina klippu á samfélagsmiðlum. Það að hlusta á RÚV-ara með sína áhyggjulausu milljarða í vasanum gera grín að hvað HSÍ sé lélegt á samfélagsmiðlum er sönnun þess að ríkismiðillinn er á villigötum. ■

## Gagnslaus jafnlaunavottun



Þórunn Sveinbjarnardóttir  
þingkona Samfylkingarinnar  
– jafnaðarflokkss  
Íslands

Nýr jafnlaunastaðall var lögfestur með lúðrablaestri fyrir fimm árum og fullyrnt að hér væri loks komið verkfæri sem gæti útrýmt launamun kynjanna. Ekki var hlustað á efasemdaraddir eða réttmætar athugasemdir um takmarkanir þessa verkfæris. Nýbirtar niðurstöður rannsóknar þriggja fræðikvenna við Háskóla Íslands í Stjórnáttal & stjórnsýslu varpa skýru ljósi á það, sem alltaf var vitað, að innleiðing jafnlaunavottunar tekur ekki á undirliggjandi vanda á kynskiptum vinnu-markaði.

Jafnlaunastaðallinn hefur ekki haft bein áhrif á launamun kynjanna og getur mögulega fest í sessi rök fyrir ólíku virðismati hefðbundinna karla- og kvennastarfa. Með öðrum orðum, staðallinn ryður ekki kerfis-lægum hindrunum á vinnu-markaði úr vegi.

Fjöldi stofnana og fyrirtækja innleiðir margs konar staðla í starfsemi sína, m.a. til að tryggja öryggi og gæði framleiðslu og þjónustu. Slík innleiðing er sjálfviljug, aldrei bundin í lög og eðlilegur hluti af gæðastarfi. Í þessu ljósi var lögfesting á innleiðingu jafnlaunastaðals frá upphafi umdeilanleg. Vel má vera að jafnlaunavottun kveiki vitund stjórnenda um virði starfa og mismunandi launasetningu starfa en það er ekki nóg, því að viðmið staðalsins eru huglæg og handahófskennd og því ekki samanburðarhæf á milli stofnana og fyrirtækja. Það er stærsti galli staðalsins og sést til dæmis á því að starfaflokkun og launagreiðing er ekki samræmd. Annað atriði sem ber að nefna er að lítið sem ekkert eftirlit er með því hvernig innleiðingin er vottuð af þar til gerðum aðilum. Íslensk fyrirtæki og stofnanir sem lögna ná yfir hafa varið háum fjárhæðum og dýrmætum tíma í innleiðingu og vottun jafnlaunastaðalsins á undanföllum árum, staðals sem breytir litlu sem engu þegar kemur að stærstu viðfangsefnunum á vinnu-markaði: kynskiptingur hans og lágu virðismati hefðbundinna kvennastarfa. Niðurstæða rannsóknarinnar gefur tilefni til að horfast í augu við mistökinn sem gerð hafa verið og setja kraftana í raunverulegar umbætur á vinnu-markaði. ■

”  
Jafnlaunastaðallinn hefur ekki bein áhrif á launamun kynjanna.

**VILKO** 50 ára  
Kakósúpa 175g e  
Súpuþuft sem blandast út í 1 lítra af vatni  
- einfaldara getur það ekki verið!  
50 ára 1969 - 2019  
VILKO



# Er um við ekki ánægð?

## Af Kögunarhóli

Þorsteinn Pálsson



„Við höfum það sem til þarf...“

Við erum að bjarga heilbrigðiskerfinu, menntakerfinu og samgöngunum frá langvinnri vanrækslu og ásælni peningaafllanna í landinu...

Er um við ekki ánægð með aukni fjármagn til heilbrigðismála?“

Þetta eru tilvitnanir í ræðu Svandísar Svavarsdóttur ráðherra í sjónvarpsumræðum um stefnu ríkisstjórnarinnar í desember 2017.

### Órímað

Hverri afgreiðslu fjárlaga og fjármálaáætlunar síðan hafa fylgt yfirlýsingar um risahækkun á fjárveitingum til heilbrigðismála. Þannig hefur ríkisstjórnin samtals tólf sinnum kynnt ákvarðanir um hækkun framlaga.

Fréttir af vandræðum og jafnvel neyðarástandi í heilbrigðiskerfinu eru hins vegar fleiri nú en áður en þessi samfellda lota hófst með tveimur árlegum ákvörðunum um viðbótarfjárveitingar.

Fjárlagaumræðan rímar ekki við fréttuumræðuna. Atómljóð þóttu að vísu bylting í ljóðagerð þótt þau væru órímuð. En rímleysið í heilbrigðisumræðunni endurspeglar ekki neins konar byltingu.

### Peningar

Rímleysið stafar af því að ríkisstjórnin og stjórnendur spítalans nota ólíka mælikvarða. Ríkisstjórnin segir satt að því leyti að hún reiðir fram mun fleiri krónur. Stjórnendur heilbrigðiskerfisins þurfa hins vegar að veita kaupmátt hverrar krónu í ljósi verðbólgu og launahækkana.

Veruleikinn er sá að kaupmáttarkrónum, sem veitt er til heilbrigðiskerfisins, hefur ekki fjölgað.

Heilbrigðisáætlun til 2030 var samþykkt samhljóða á Alþingi fyrir fjórum árum. Það er því ekki stór ágreiningur um skipulag og markmið. Pólitíski ágreiningurinn snýst um peninga.

Annars vegar er ágreiningur um það hvort stækka á sneiðina, sem heilbrigðiskerfið fær. Hins vegar eru skiptar skoðanir um hvernig afla ætti aukinna fjármuna.

### Hlutdeildin

Stjórnarflokkarnir þrír hafa í framkvæmd talið aðra hagsmuni mikilvægari en aukna hlutdeild heilbrigðiskerfisins í þjóðarútgjöldum. Framsókn og VG voru þó á annarri skoðun fyrir kosningar 2017.

Samfylking og Viðreisn hafa talað fyrir því að þetta hlutfall ætti að vera nær því sem er á öðrum Norðurlöndum.

Til þess að ná því markmiði þarf annað hvort að hækka skatta eða lækka hlutdeild annarra útgjalda-liða og færa til heilbrigðiskerfisins.

### Kostirnir

Ríkisstjórnin hefur hækkað fjármagnstekjuskatt án þess að heilbrigðiskerfið hafi notið ávinnings af því. Hækkun skatta þeirra allra tekjuhæstu gæti hjálpað, en þó aðeins leyst lítinn hluta vandans.

Auðlindagjald má auðveldlega hækka. En jafnvel tvöföldun þess gæfi varla meira en tíunda hluta þess sem þarf.

Ríkissjóður ver hins vegar margfalt herra hlutfalli útgjalda sinna í vaxtagreiðslur en nokkurt annað Norðurlanda. Með því að koma vaxtahlutfallinu niður á sama stig og þar mætti líka koma hlutfalli heilbrigðisútgjalda upp á sama stig.

Með tvöföldun auðlindagjalds og afmörkuðum skattahækkunum þarf að auki kerfisbreytingu til að lækka vaxtagjöld eða gífurlega almenna tekjuskattshækkun. Þetta eru kostirnir, sem pólitíkin þarf að taka afstöðu til.

### Pólitíkin

Samfylking og Viðreisn voru sammála um að skapa svigrúm til að auka hlut heilbrigðismála með kerfisbreytingu í peninga-



málum. Nú hefur Samfylkingin lagt slíkar hugmyndir til hliðar og ætlar alfarið að ná því marki með skattahækkunum.

Stjórnarflokkarnir vilja svo alls ekki kerfisbreytingu á þessu sviði. Eftir stendur að Viðreisn ein talar fyrir kerfisbreytingu til að lækka vaxtaútgjöld og auka heilbrigðisútgjöld.

Hvort heldur menn tala um skattahækkunir eða kerfisbreytingu til að leysa vandann er þetta verkefni, sem tekur að minnsta kosti áratug.

Fyrir kosningarnar 2017 boðaði VG nákvæmlega sömu lausn og Samfylkingin nú. Eftir stjórnarmyndun spurði forysta VG hvort þjóðin væri ekki jafn ánægð og hún sjálf. Neikvæðum svörum fjölgar með hverju ári.

Samfylkingin lofar að gefa ekki þumlung eftir með skattahækkunir. Fél VG á prófinu með því að setja ekki slíka úrslitakosti? Eða voru skattahækkunaráformin einfaldlega ekki raunhæf?

### Umræðan

Val um leiðir til að afla fjármuna eða færa þá til skiptir mestu máli fyrir umræðuna um bætt heilbrigðisþjónustu.

Það er ekki nóg að pólitíkin ræði þær leiðir. Kjósendur þurfa líka að taka afstöðu til þeirra. Og heilbrigðisstarfsfólk getur ekki látið sem sá hluti umræðunnar komi því ekki við.

Það er vandalaust að tala fyrir auknum útgjöldum. Hitt er þraut að finna peningana. Þar er ekkert ókeypiss og án hliðarverkana. ■

## Finndu réttu eignina fyrir þig á [frettabladid.is](http://frettabladid.is)

# Fasteignablaðið

Fasteignablað Fréttablaðsins kemur út alla þriðjudaga



Fasteignaleitin

[frettabladid.is](http://frettabladid.is)





# Hvað er nóg?



Helga Vala Helgadóttir  
þingmaður Samfylkingarinnar

Hver er verðmiðinn á störfum fólks? Um þetta hefur verið rætt síðustu daga eftir umræðu um kjaramál heilbrigðisstétta í Silfrinu um síðustu helgi. Hvað er nóg?

Híð opinbera hefur margvísleg töluleg gögn til að styðjast við þegar kemur að útreikningi á tekjum annars vegar og framfærsluþörf hins vegar. Vísar fjármálaráðherra ídulega í vefsíðuna tekjusögu sem heimild um raunverulegar tekjur vinnandi fólks og til þeirra upplýsinga var einnig vísað í ofangreindum sýnvarpsþætti um helgina.

Heildarlaun fólks í tilteknu stéttarfélagi var tiltekið sem dæmi um hvað stéttin fengi í laun og spurt var hvað væri nóg. Var sagt að meðalheildarlaun félaga í félagi hjúkrunarfræðinga sem viðsemjenda ríkisins væru milljón krónur á mánuði. Í þessari fullyrðingu var horft fram hjá því að félagar í félagi hjúkrunarfræðinga gegna margvíslegum störfum. Eru sumir forstjórar, aðrir framkvæmdastjórar og enn aðrir reka sín eigin fyrirtæki með fjölda starfsmanna og taka út arð eins og aðrir fyrirtækjaeigendur en eru samt viðsemjendur ríkis og félagar í umræddu stéttarfélagi. Þannig er sú mynd sem teiknuð var upp fjárfri þeim raunveruleika sem um var rætt, þ.e. kjör almenns heilbrigðisstarfsfólks hjá hinu opinbera. Hefur komið fram í gögnum heilbrigðisráðuneytis að meðalgrunnlaun hjúkrunarfræðinga eftir 4 til 6 ára háskólanám og 20 ára starfsreynslu séu 640 þúsund krónur fyrir skatt. Hjúkrunarfræðingar bjarga sér svo upp í nauðsynlega framfærslu með fjölda yfirvinnustunda og álags-



Það er nóg þegar þú getur af útborguðum mánaðarlaunum þínum framfleytt þér og fjölskyldu og lagt til sparnað í hverjum mánuði fyrir óvæntum útgjöldum.

greiðslna á næturvöktum og stórhátíðum. Þær tölur sem fulltrúi Viðskiptaráðs valdi að færa fram í Silfrinu innihalda þannig ýmis konar stjórnendabóknanir þar sem viðkomandi starfar ekki sem hjúkrunarfræðingur, en tölurnar innihalda einnig umtalsverða yfirvinnu hjúkrunarfræðinga vegna heimsfaraldurs þegar hver einasti heilbrigðisstarfsmaður hljóp margfalt meira en í hefðbundnu árferði.

#### Hvað þurfum við?


Verðbólgan er nærri 10% og er farin að bita verulega í þegar horft er til mánaðarlegrar framfærslu. Afborganir af húsnæði hækka, hvort sem lítið er til húsnæðislaða, húsaleigu,

fasteignagjalda, trygginga, hita og rafmagns eða annars sem viðkemur húsnæði almennings. Matarkarfan verður stöðugt dýrari sem og almennt vöruverð. Blessuð krónan heldur áfram að valda almenningi vandræðum með dansandi vöxtum sem leiða út í allt verðlagið, eitthvað sem nágrannar okkar sem ýmist hafa evru eða hafa tengt gjaldmiðil sinn við evru búa ekki við. Þannig þurfum við meira í dag en í fyrra og árið þar áður.


Umboðsmaður skuldara heldur úti góðum vef þar sem reikna má hvað við þurfum. Þar má finna svar við spurningu síðustu helgar, hvað er nóg?

Tökum dæmi af einstaklingi með tvö börn eldri en sjö ára á framfæri sem greiðir 220 þúsund krónur í húsaleigu eða af húsnæðislaunum mánaðarlega, 25 þúsund í skóla eða dagvistun fyrir börn sín og svo nauðsynlegan rekstrarkostnað eins og rafmagn, hita og tryggingar sem og fasteignagjöld eða hússjóð. Samkvæmt útreikningum Umboðsmanns skuldara þarf viðkomandi einstaklingur að hafa tæplega 650 þúsund í ráðstöfunarfé á mánuði. Samkvæmt reiknivél skattsins, þarf einstaklingur sem vill hafa slíkar ráðstöfunartekjur að hafa um 940

## Einstaklingur – barnlaus – húsnæðislaun eða leiga 200 þúsund krónur



## Einstætt foreldri – tvö börn – húsnæðislaun eða leiga 220 þúsund krónur




þúsund krónur í heildarlaun fyrir skatt. Einstaklingur, barnlaus með 200 þúsund króna húsnæðiskostnað þarf tæpar 490 þúsund í ráðstöfunartekjur.

Þessi útreikningur fæst með reiknivél skattsins og Umboðsmanns skuldara sem styðst við opinber viðmið á kostnaði við rekstur venjulegs heimilis. Ef tiltekinn einstaklingur fær greitt meðlag þá bætist það við ráðstöfunartekjur en ef einstaklingurinn þarf að greiða meðlag þá dregst það frá. Þá má

í einhverjum tilvikum bæta við ráðstöfunartekjum vegna vaxta-, húsnæðis- og barnabóta en einnig auknum kostnaði vegna fötlunar eða heilsuleysis en slíkt er ógerlegt að tiltaka ítarlega í stuttri grein.

Hvað er nóg, var spurt. Það er nóg þegar þú getur af útborguðum mánaðarlaunum þínum framfleytt þér og fjölskyldu og lagt til sparnað í hverjum mánuði fyrir óvæntum útgjöldum. Miðum við það í umræðu um launakjör og komandi kjarasamninga. ■

# Um kyn og málfar



Njördur P. Njarðvík

Höskuldur ... gekk þangað sem lækur féll fyrir túbrennkunni. Sá hann þar tvo menn og kenndi. Var þar Ólafur sonur hans og móðir hans. (Laxdæla 13. kafli)

Orðið maður er heiti á tegund spendýra og tekur til allra er henni tilheyrja: karlmanna, kvenna, barna, transfólks og kynleysingja. Þegar við segjum: allir velkomnir, tekur það til allra sem tilheyrja þessari tegund án vísunar til sérstaks kyns. Þannig getur kona sem best verið maður með mönnum eins og Vigdís benti á (og sannaði) í kosninga-baráttu sinni 1980.

Í tungumáli er tvenns konar kyn. Það sem eðlilegt má heita, eins og að karl er karlkyns og kona kvenkyns, faðir og móðir, sonur og dóttir, drengur og stúlka. Þegar Bergþóra var sögð drengur góður fær orðið hins vegar aðra merkingu, um eðlisþátt, enda erum við vön afleiddum orðum eins og drengskapur og drenglyndi. Á sama hátt höfum við afleidd orð af maður: mannkyn, mannlegur, mennska, menning, mannhelgi, góðmenni og illmenni o.s.frv.



Nú vil ég biðja menn að hætta að afskræma tungu okkar með bjánalegum tilburðum til einhvers konar rétrúnadartilburða í orðfæri og reyna þess í stað einfaldlega að vanda máfar sitt.

En svo er hreint málfraðilegt kyn sem hefur í raun enga kynlæga merkingu og þarf hreint ekki að vera rökrétt.

Kyn eru með ólíkum hætti í tungumálum. Franska hefur aðeins tvö kyn, íslenska og þýska þrjú. Danska, norska og sænska bæta við fjórða kyninu, samkyni (den). Finniska hefur ekkert kyn. Þar er ekki greint milli orðanna hann og hún, heldur nær hán yfir bæði. Bill

er karlkyns í íslensku, kvenkyns í frönsku (la voiture) og hvorugkyns í þýsku (das Auto). Ekkert af þessu getur talist rökrétt. Áfram má segja að mánninn er kvenkyns í frönsku (la lune) og sólin karlkyns (le soleil). Kannski gengur franska lengst þegar kynfæri kvenna eru karlkyns (le vagin) og karla kvenkyns (la verge). Að vísu eigum við orðið títa (kvk) haft um typpi (hk) á smástráku, en það muna trúlega ekki margir. Sem leiðir hugann að orðafátækt okkar og skjótum flótta yfir í ensku. Ég man hvað mér brá þegar maður skildi ekki orðið blæbrigði en átti ekki í neinum vandræðum með nuances.

Flest starfsheiti á íslensku eru karlkyns og helgast af því að öldum saman réðu karlar allri atvinnu. En sá tími er liðinn sem betur fer. Kona er lækni, prestur, dómari o.s.frv. og þannig hefur karlkyn orðanna enga þýðingu lengur. Á Íslandi getur kona jafnvel verið herra ef hún situr í ríkisstjórn eða starfar í utanríkisþjónustunni, enda merkir orðið upphaflega yfirmaður. Og svo má til gamans geta þess, að mörgum erlendum vinum mínum þykir skondið að hetja skuli vera kvenkyns í íslensku, og sömuleiðis kempa – og heigull karlkyns.

Nú vil ég biðja menn að hætta að afskræma tungu okkar með bjánalegum tilburðum til einhvers konar rétrúnadartilburða í orðfæri og reyna þess í stað einfaldlega að vanda máfar sitt. ■

# Opið bréf til Sólveigar Önnu Jónsdóttur



Hjördís Árnadóttir  
útbrunninn  
eftirlaunaþegi



Fyrir mér er rödd þín rödd lítilmagna þessa lands, hvort sem þeir eru innan Eflingar eða ekki og sú rödd þarf að heyrast.

Byrði þín er þung! Okkur er kennt að það þurfi fjölmarga kerfiskarla og undirbyggðum af öllum kynjum til að bera slíka byrði. En óbilandi barátta þín um réttlátt líf fyrir alla kann á endanum að slá þá rangtúlkun út af borðinu.

Þú ert hetja hvunn dagsins sem auðvaldinu stendur stuggur af. Auðvaldinu sem hefur fengið allt upp í hendurnar, m.a. með því að blóðmjólka hvunn dagshetjur samfélaga, halda þeim niðri og traðka á þeim. Við getum tekið „Qatar“ sem dæmi. Dæmi sem hefði átt að vekja fremur en svæfa. En það hentar auðvaldi heimsins að nota blóra-böggla til að fela sinn eigin skít.

Ég hef fylgst með þér frá upphafi þess er þú ákvaðst að berjast fyrir réttlátum jöfnuði og hagsæld til alla. Ég hef fylgst með hvernig þú ert barin niður með oft ógeðfældum aðferðum. Barin niður af auðvaldinu, fjölmiðlavaldinu, almenningi og jafnvel þínum eigin samherjum. En þú stendur jafn-

hardan upp, oft illa lemstruð og kvalin, hristir af þér drulluna og krefst réttlætis, jafnræðis og virðingar fyrir öllu lífi. Það þolir auðvaldið illa og svífst einskis til að kæfa rödd þína.

Fyrir mér er rödd þín rödd lítilmagna þessa lands, hvort sem þeir eru innan Eflingar eða ekki og sú rödd þarf að heyrast.

Takk fyrir að gefast ekki upp þó móti blási 50/60 metrar á sekúndu. Baráttukveðjur fyrir réttlátum heimi. ■





FORLAGIÐ

Alltaf opið á [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

FIMMTUDAGUR 12. janúar 2023

Katrín prinsessa í ullarkápunni góðu.  
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Fjögur frábæru

thordisg@frettabladid.is

Það gústar af bresku konungsfjölskyldunni þessa dagana. Þannig skartaði Katrín prinsessa af Wales gullfallegru ullarkápu þegar hún sást fyrst á meðal almennings eftir að mágur hennar, Harry prins, opnaði sig upp á gátt um samband sitt við Kötú í nýutkominni bók sinni, Varaskeifunni (e. Spare).

Það sást til Kötú skutla börnum sínum í skólann, alvarlegri í bragði. Hún var glæsileg að vanda, með brúntóna förðun, slegið hár og klædd kamellitaðri kápu, þeirri sömu og hún klæddist í opinberri heimsókn til Scarborough fyrr í vetur. Kápan er frá Max&Co.

### Erfitt að fela einkalífð

Í viðtali við sjónvarpsstöðina ITV á sunnudagskvöld ræddi Harry um það uppátæki breskra fjölmíðla að kalla prinsana og konur þeirra, Kötú og Meghan, „hin fjögur frábæru“ (e. the fab four) en það hafi aukið á samkeppni á milli þeirra.

„Ég vonaði alltaf að okkur fjórum kæmi vel saman. En mjög fljótlega breyttist það í Meghan á móti Kötú,“ sagði Harry og hélt áfram: „Þegar slíkt gerist opinberlega er engin leið að fara í felur með það. Sérstaklega þegar dagblöðin leynast í öllum skúmaskotum til að fylgjast með hverju skrefi fjölskyldunnar.“ ■



Eydis (t.v.) og Arngerður standa að Lokki kvikmyndartónlistarviðburði. Nafnið er tekið úr fornorrænu og var notað um sérstakt hljóð sem lætur röddina heyrast langar vegalengdir. Með Lokki vilja þær beina kastljósinu að konum og öðrum kyngervum en körlum í tónlist og kvikmyndagerð. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Það þarf engin fót í flæði

Tónskáldið Arngerður og kvikmyndagerðarkonan Eydis Eir hafa vakið verðskuldaða athygli í tónlistar- og kvikmyndageiranum undanfarið. Þær standa fyrir einstökum viðburði um helgina þar sem kvikmyndatónlist kvenna er í sviðsljósinu.

jme@frettabladid.is

Arngerður María Árnadóttir og Eydis Eir Brynju- Björnsdóttir reka saman framleiðslufyrirtækið Anima Productions. Eydis Eir er sjálfstætt starfandi leikstjóri og höfundur og menntuð í kvikmyndagerð frá FAMU. Arngerður er menntaður organisti, kórstjóri og tónskáld, er sjálfstætt starfandi tónlistarkona og tónskáld og er í tónlistarhópnum Umbru.

### Pönk og glimmerkjólar

Báðar hafa skapað sér fjölbreyttan fatastíl sem endurspeglar persónuleika þeirra. „Ég get verið rosa pönk, villt og tryllt, klætt

mig alla í latex eða verið klassísk í finum svörtum pin-up kjól. Er svo í jarðlitum næsta dag í þrjúnum kjól með hatt,“ segir Eydis Eir og bætir við: „Í gær fór ég í skotapils, moonboots bomsur og pels. Vanalega er ég með nokkrar leurbuxur í gangi. Ég er líka mikið með hatta og þessa dagana ég elska litríkar dragtir. Rauða flauelsdragtin mín er guðdómleg. Ég er dýrka líka heilgalla sem eru alltaf þægilegir og á veturna bý ég í silfursnjógallanum mínum. Einnig fíla ég hálsklúta og slæður og á einn tímalausan úr silki frá Hermés sem ég nota endalaust og á marga vegu. Töff sólgleraugu gera svo gæfumuninn.“ „Minn stíll byggir aðallega

á þægilegum fötum í litum og gjarnan með mynstrum. Ég held ég eigi kjóla í nánast öllum litum og marga glimmer líka sem ég hef gaman af að klæðast við ákveðin tækifæri. Þægilegir skór, eins og strigaskór og svartir grófir skór eru líka möst hjá mér,“ segir Arngerður.

### Notað frekar en nýtt

Báðar eru á þeim buxnum að kaupa frekar notað en nýtt, en þær neita sér þó ekki um nýjar flikur ef svo ber undir. „Kannski má segja að ég hafi einum of gaman af því að kaupa fót, sérstaklega peysur og kjóla, og verð að viðurkenna að ég á óþarflega mikið. Það gerir bara svo mikið fyrir mig að vera í

fallegum og helst litríkum fötum. Ég kaupir helst notað á Íslandi. Verslanahöllin á Laugavegi er uppáhaldsbúðin mín og ég kíkji líka reglulega í Hringekjuna. Ég freistast þó stundum til að kaupa nýtt þegar ég er í útlöndum en reyni að halda því í lágmarki,“ segir Arngerður.

„Notað klárlega. Ég elska einstaka hluti, sem enginn annar á og þræði nytjamarkaði hér heima og erlendis. Báðar systur mínar, Þóra Hlíf og Eygló, eru algjörar tiskudívur og ef mig vantar eitthvað fínt fæ ég lánað frá þeim. Þær senda mér reglulega hlekki á netverslanir: „Þetta er svo mikið þú,“ segja þær og þá kannski kaupir ég >>

Alla daga  
gegn kulda og sól

Apótek, Hagkaup og Fjarðarkaup  
[www.celsus.is](http://www.celsus.is)



» Það. Ég elska líka nýjar gjafir og dreymir um ný Louboutin-stígvél með rauðum sólum. Ég verð þó að vera í ákveðnu skapi þegar ég kaupi föt og geri það vanalega þegar ég neyðist til þess. Ég hef til dæmis aldrei farið í sérstaka verslunarferð erlendis. En þegar ég dett í girinn getur alveg verið gaman. Ég fór í Hringekjuna um daginn, ætlaði bara að kíkja aðeins. Þá var bara dj og frír bjór og ég skemmti mér helvíti vel," segir Eydis og hlær.

#### Fötin og sköpunin

Hafa fötin áhrif á sköpunargáfuna – eða öfugt?

„Já, svei mér þá! Falleg, litrík og þægileg föt hafa jákvæð áhrif á mína líðan og ég held að það endurspeglar tónlistinni. Ég held að maður hljóti að vinna betur ef manni líður vel með sjálfan sig," segir Arngerður. Eydis segir að vel-líðan skipti mestu máli fyrir sköpunargleðina. „Að vera í jafnvægi, stunda hreyfingu, gott mataræði og hugarró. Þá kemst ég í flæði. Það þarf engin föt í flæði. En föt skapa auðvitað öryggi og vellíðan. Innra og ytra lag skipta mig máli, meira að segja nærfatnaðurinn. Ég væri til í að sjá meira af því í íslenskri hönnun. Agent Provocateur mætti alveg opna verslun hér," segir Eydis.

Fylgist þið með tískunni? Og íslenskri fatahönnun?

„Að einhverju leyti, en meira svona þegar mér hentar. Ég verð líka að viðurkenna að mér finnst mjög gaman að detta inn í hönnunarbúðir og skoða þær reglulega," segir Arngerður.

„Systur mínar fylgjast meira með og deila með mér á Pinterest. Mig dreymir svo um að fá mér stílista í mánuð og prófa allt sem hann segir mér að prófa. Ég gúgla oft íslenska hönnuði til að finna eitthvað íslenskt, til dæmis fyrir hátíðirnar sem ég fór á með kvikmyndina mína, en verð að viðurkenna að það var erfitt að finna eitthvað. Oft voru flikurnar ekki til á lager því þær eru framleiddar í litlu upplagi, en það er það sem ég fíla. Ég fylgist mikið með Spaksmannsspjörum. Einnig fylgist ég með Yr Þrastardóttur, One Creation og Halldóru Sif sem reka Apotek Atelier á Laugaveginum. Yeoman er líka mjög áberandi en ég þarf að gefa mér tíma til að kíkja í leidangur með tiskusustrunum mínum að máta meira af íslenskri hönnun. Ég vil endilega fá ábendingar um íslenska hönnun til að prófa," segir Eydis.

#### Flikurnar á myndunum

Á forsiðumyndinni skartar Arngerður gullfallegum rauðum kjól og Eydis dásamlegri rauðri blómadrátt. „Kjólinn rakst ég á í



Á viðburðinum verða einnig pallborðsumræður með innlendu og erlendu fagfólki innan kvikmynda- og tónlistarbransans. Meðal annars mætir Sue Crawshaw, sem er einna þekktust fyrir umsjón tónlistarinnar í Netflixþáttaröðinni Crown.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Falleg, litrík og þægileg föt hafa jákvæð áhrif á mína líðan og ég held að það endurspeglar tónlistinni. Ég held að maður hljóti að vinna betur ef manni líður vel með sjálfan sig.**

Arngerður María

Verslanahöllinni í nóvember og féll fyrir honum. Sníðið geggjáð og liturinn ekki síður. Ég er mikið fyrir stóra eyrnalokka og þessa keypti ég í hönnunarútdrátt í Lissabon í haust. Skórnir eru Vagabond, ég nota ekki mikið hælaskó en þessir eru mjög þægilegir og passa við flest," segir Arngerður. „Þessi pixlaða dragt er sumarleg, en samt eitthvað svo töff fyrir alls konar tilefni, var í henni á Airwaves og elska hana. Græna leðurtaskan er úr leðurútdrátt í Feneyjum. Fullkomin litapalletta," segir Eydis.

Um fatnaðinn á myndinni að ofan segir Eydis: „Dressið er nærri allt second hand. Ég fann þessinn notaðan í Gyllta kettinum. Það var pottþétt leikgláður hönnuður

sem setti hann saman. Kraginn er minkur og ermarnar teknar af. Hann er með götótta vasa en er ótúlega töff við alls konar. Ég mæli með að mæta þangað á sumrin að kaupa þessa. Afgreiðsludömunar þær eru líka eðalkonur. Leðurskórnir eru úr Lólu Flórens, uppáhalds kaffihúsinu mínu. Hattinn fékk ég í skosku hálöndunum. Slæðan er 100% silki frá sænska hönnuðinum Filippu K. Ég gramsaði eftir henni í Konukotsmarkaðinum og fékk á undir 500 krónum," segir Eydis.

„Buxurnar og kápan eru úr Verslanahöllinni en bolurinn er keyptur á útsöluþrekkum í H&M. Eyrnalokkana þykir mér mjög vænt um. Þeir eru ekta silfur og

keyptir á markaði í Gdansk. Ég stunda það að finna mér fallega eyrnalokka, helst í hverri borg sem ég heimsæki og þá er einmitt heppilegt að ég ferðast töluvert um þessar mundir með hljómsveitinni minni Umbru," segir Arngerður.

#### Einstök tónlistarveisla

Arngerður og Eydis standa fyrir kvikmyndatónlistarviðburðinum LOKK, á vegum Anima Productions á laugardaginn, 14. janúar, í Bío Paradís, í samstarfi við RVK Feminist Film Festival og shesaid. so með stuðningi STEF og Rannís. „Viðburður af þessu tagi hefur verið lengi í hugmyndabankanum, svo small þetta þegar við Arngerður hittumst með Maríu Leu Ævars hjá RVK Feminist Film Festival," segir Eydis og bætir við: „Kristín Jóhannsdóttir leikstjóri sérvaldi sjö tónskáld til að frumsemja nýja tónlist við valdar senur úr kvikmyndum sínum. Arngerður er ein af þeim, ásamt fleiri frábærum tónlistarkonum, eins og Betu Ey, K.Óla og Unu Stef sem eru að stíga sín fyrstu skref í kvikmyndatónlistinni um þessar mundir og fá hér tækifæri til að láta ljós sitt skína," segir Eydis. „Á viðburðinum sýnum við kvikmyndatónverkið Kvöldvöku. Eydis Eir leikstjóri og ég sem tónlistina," segir Arngerður.

Arngerður hefur látið til sín taka í tónlistarheiminum að undanförunu og semur hér sitt fyrsta kvikmyndatónlistarverk á opinberum vettvangi. „Það er töluvert ólíkt að vinna tónlist út frá myndefni í samstarfi við kvikmyndagerðarfólk. Að mörgu leyti hefurðu ekki jafn frjálsum hendur og í mörgum öðrum verkefnum. En um leið eru þau oftast afar spennandi og gefandi að glíma við," segir Arngerður.

#### Sýnileiki er lykillinn

Að sögn beggja er verkefnið mikilvægt, því þrátt fyrir að íslenskt kvikmyndagerðarfólk sé almennt orðið meðvitaðra um nauðsyn þess að stuðla að jafnrétti kynjanna í kvikmyndum sínum, þá hallar enn á stöðu kvenna og annarra kyngerva, sem og fólks af öðrum kynþáttum, í kvikmyndagerð og tónlist á Íslandi. „Það er enn þá vantraust til kvenna, jafnvel þeirra sem hafa unnið til Óskarsverðlauna, eins og í tilfelli Hildar Guðnadóttur. Fólk með þeningana efast enn um hvort konum sé treystandi," segir Arngerður. „Það má þó spyrna á móti með því að gera betur í aðgengi, fjármögnun og öðrum úrræðum fyrir þann hóp sem hallar á, eins og hefur komið í ljós í Svíþjóð. Það er lykilatriði að auka sýnileikann eins og þetta verkefni gerir," segir Eydis að lokum. ■

## Vörn í vetur, alla daga

**C-YOUR-IMMUNITY® fyrir öflugt ónæmiskerfi**  
Einstök blanda með c-vítamíni, quercetin, hesperidin og bromelain



GOOD  
ROUTINE

C-YOUR-IMMUNITY® fæst í Apótekanum, Fjarðarkaup, Hagkaup, Krónunni, Lyf & heilsu, Nettó og á goodroutine.is



# HM í handbolta

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 12. janúar 2023



FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

GENERATION HANDBALL DANMÖRK 31. JÚLÍ – 5. ÁGÚST 2023



Generation  
**HANDBALL**

## Yngri flokkar í handbolta!

Skráning og upplýsingar:  
[sport@visitor.is](mailto:sport@visitor.is)

**Visitor**  
FERÐASKRIFSTOFA  
HAMRABORG 20 - SÍMI 578 9888  
[visitor.is](http://visitor.is)



## MÖMMUSTRÁKARNIR OKKAR



Heiða Einarsdóttir, móðir Arons Pálmarssonar

Hvernig var hann sem barn?

„Aron var mjög kröftugt barn og mér var ráðlagt af kennurum hans á leikskólanum að hafa hann bara í nægilega mörgum íþróttum svo að hann gæti fengið útrás þar. Aron á afa sem var alltaf að vinna í íþróttahúsinu í Kaplakrika á sínum eldri árum og ég fór bara oft með Aron þangað í þóssun. Þar fékk hann bara útrás og hefur síðan þá elskað Kaplakrika.“

Sástu fljótt í hvað stefndi hjá honum?

„Aron æfði alls konar íþróttir sem barn. Hand-, fót- og körfubolta, ég fór síðan með hann í sund nánast á hverjum einasta degi og hann var öflugur kylfingur í golfi. Það kom hins vegar ekki fljótt í ljós að hans vegur myndi liggja í handboltanum.“

Hann var með ótvíræða hæfileika þar, engin spurning, en það átti einnig við fótbolta og körfubolta. Það var alveg spurning hvort hann myndi enda í fótboltanum, hann var að minnsta kosti sjálfur á þeim buxunum á einum tímapunkti. En svo velur hann á endanum handboltanum. Það var í raun alveg sama í hvaða íþrótt hann var, Aron var góður í þessu öllu, alhliða góður íþróttamaður.“

Voru einhverjar áberandi fyrirmyndir hjá honum í æsku?

„Fyrirmyndirnar voru í körfuboltanum, til að mynda Michael Jordan. Í handboltanum dýrkaði hann Ivano Balic. Það sem Aron gat horft á hann spila handbolta fram og til baka og mætti í raun segja að hann hafi verið idolið hans. Í fótboltanum var Eiður Smári Guðjohnsen síðan áberandi fyrirmynd hans.“

Hvaða tilfinningar hellast yfir þig á meðan hann spilar landsleik?

„Ég finn alveg fyrir rosalega mörgum tilfinningum, í mínum augum gerist það ekki stærra en að sjá hann í íslenska landsliðsbúningnum.“

„Ég finn alveg fyrir rosalega mörgum tilfinningum, í mínum augum gerist það ekki stærra en að sjá hann í íslenska landsliðsbúningnum. Við höfum nú upplifað allt hitt með honum líka á félagsliðasviðinu en að sjá hann í íslenska landsliðinu, það fer kuldahrollur um allan líkamann þegar að maður sér hann labba inn á völlinn, alveg rosalegt. Það tekur líka á að horfa á landsleiki, maður upplifir mikið stress en á sama tíma er þetta algjörlega dásamlegt. Algjör gleðisprengja fyrir okkur í mörg ár.“

Helstu kostir?

„Hann er mikill leiðtogi, rétt-sýnn og hann les vel í aðstæður. Svo er hann ákaflega jákvæður og góður einstaklingur.“

Hvernig mun íslenska landsliðinu ganga á HM?

„Við förum alla leið í verðlaunsa-sæti.“



MYND/MUMMI LÚ

## Frægir spá í spilin



**Katrín Jakobsdóttir**  
forsætisráðherra

„Íslenska liðið verður landi og þjóð til sóma og ég spái því að liðið endi í topp fimm. Liðið hefur

á að skipa leikmönnum sem eru meðal bestu leikmanna í heimi um þessar mundir, nægir þar að nefna Ómar Inga Magnússon, íþróttamann ársins, og svo held ég að Gísli Þorgeir Kristjánsson og Bjarki Már Elisson verði gríðarlega öflugir.“



**Auðunn Blöndal**  
fjölmiðlamaður

„Ísland fer á kostum í mótinu og endar í 3. sæti (langar að segja heimsmeistarar). Þá mun Aron Pálmarsson

sýna okkur af hverju hann er einn besti handboltamaður sem við Íslendingar höfum átt.“



**Íris Róbertsdóttir**  
bæjarstjóri í Vestmannaeyjum

„Íslandi mun ganga vel, ég er viss um það. Stemmingin

og geta liðsins er með okkur. Ég vona að við vinnum þetta. Held það reyndar alltaf þegar Ísland er að keppa, hvort sem það er í Eurovision eða handbolta en það er svo mikilvægt fyrir okkur öll að hafa trú á verkefninu og ég sem stuðningskona tek mitt hlutverk alvarlega. Spái okkur í undanúrslit og verðlaunsa-sæti þar. Sem sagt 3. sætið. Ekki nokkur pressa frá þjóðinni, við þurfum bara á því að halda að liðið komist langt svo að við öll getum átt gleðilegan janúar. Ómar Ingi er fyrir fram augljós stjarna mótsins enda einn sá besti í heiminum í dag. En ég held að Eyjamaðurinn Elliði Snær Viðarsson muni koma á óvart og verða stemmingsstjarna mótsins. Hann er engum líkur, elskar stemmingu og pressu og er alltaf með hjartað á réttum stað fyrir liðið.“

Í aðdraganda heimsmeistararamótsins í handbolta sló Fréttablaðið á þráðinn til þjóðþekktra einstaklinga og bað þá um að spá í spilin um gengi Íslands á mótinu. Hvernig mun Íslandi ganga á HM og hver verður stjarna mótsins í íslenska landsliðinu?

sport@frettabladid.is



**Guðmundur Jóhannsson**  
upplýsingafull-trúi Simans

„Íslenska landsliðið verður í öðru til þriðja sæti. Fer eftir því hver verður mótherji okkar

í undanúrslitum en svo getur auðvitað allt gerst í hreinum úrslitaleik. Ég vona bara og þrái að landsliðið spili sinn leik og gleðji okkur sem sitjum heima í stofu öskrandi á sjónvarpið. Þegar stórmót eru í handbolta verður til einhver ótrúleg stemning sem fáir aðrir sjónvarpsviðburðir geta skákað. Gísli Þorgeir Kristjánsson er minn maður enda er mamma hans úr Breiðholti, þar fara saman góð handboltagen ásamt Breiðholts-hörku sem er svo falleg og hrein. Svo vona ég innilega að Viktor Gísli eigi frábæra innkomu og loki hreinlega þessu marki eins og Reykjanesbrautinni, eitthvað sem gerist auðvitað ef vörnir virkjar sinn innri Ingimund Ingimundarson.“



**Birkir Már Sævarsson**  
knattspyrnu- maður

Ég held að við verðum glæsilegir í allri riðla-keppinni og töpum í mesta lagi einum leik.

Vinum síðan í átta liða og undanúrslitum en töpum því miður í úrslitum og lendum í 2. sæti. Ómar verður svakalegur og verður valinn maður mótsins. Sé líka fyrir mér að Stiven verði kallaður óvænt inn og eigi í einhverjum leik eftir að verða jákvæður örlagavaldur. Tryggj okkur jafnvel sigur á lokasekúndunum.“



**Kristín Sif**  
útvarpskona á K100

„Ég ætla að vera súper bjartsýn og jákvæð og negla okkur í fyrsta sætið ... ég vona að við

missum ekki okkar bestu menn í Covid-vesen. Þá held ég að Ómar Ingi eigi eftir að slá í gegn, auðmjúkur og greinilega mikill „team player“ ásamt því að vera rokkstjarna á handboltavellinum.“



**Sigmar Vilhjálmsson**  
eigandi Minigarðsins

„Ísland mun spila allar umferðir á HM, kristalkúlan mín var að staðfesta

það. Hvort það endi með úrslitaleiknum sjálfum eða í leiknum um 3. sætið get ég ekki alveg séð í kristalkúlunni minni, hún er svo nærsýn blessunin. Ómar Ingi verður burðarstólpi liðsins, það er ljóst, en ég held að við eigum eftir að sjá Viktor Gísla fara á kostum í markinu, þetta verður hans stóra mót og Arnar Freyr verður varnarmaður mótsins.“



**Þráinn Árni Baldvinsson**  
gítarleikari Skálmaldar

„Ég reikna aldrei með öðru en sigri í öllum leikjum, toppframmistöðu

og gulli. Annað hvort ertu í þessu af alvöru eða heima að leika þér. Þegar illa gengur setja strákarnir hnéð í þetta og klára dæmið. Ísland í 1. sæti. Guðmundur þjálfari er auðvitað skærasta stjarnan í þessum hópi. Hann er ótrúlega góður í að fá leikmenn til að gera sitt allra besta fyrir liðið og hann virðist vera alveg með það á hreinu hvenær á að ýta á menn og hvenær á að leyfa leikmönnum að spila út frá innsæinu. Viktor markvörður er svo kominn með góða upphæð í reynslubankann, topp-ávöxtun þar og hann verður líklega okkar besti leikmaður á mótinu. Engin pressa sko.“





# HEIMAVÖLLUR ÍSLANDS



**4 RISA SKJÁIR  
TILBOÐ AF MAT & DRYKK!**

**GISKLEIKIR A STAÐNUM  
OG GLÆSILEGIR VINNINGAR**

ICELANDAIR  nettó  olis

**ANDLITSMÁLNING & STEMNING**

**BÓKAÐU BORÐ  
Á MINIGARDURINN.IS**

**Mg**

MINI GARDURINN  
SKÚTUVOGI 2

**Coca-Cola**





## MÖMMUSTRÁKARNIR OKKAR

Ragnhildur Sigurðardóttir, móðir Elvars Arnar Jónssonar

*Hvernig var hann sem barn?*

„Hann var mjög liflegur, hreyfði sig mjög mikið og á eldri bróður sem hann elti mikið, saman voru þeir afskaplega liflegir.“

*Sástu fljótt í hvað stefndi hjá honum?*

„Elvar Örn var í mjög mörgum íþróttum og við foreldrar hans tókum strax eftir mjög mikilli líkamsvitund hjá honum. Hann stóð mjög framlega miðað við jafnaldra sína í íþróttum. Var öflugur í frjálsum íþróttum, hljóp mjög hratt, reyndi fyrir sér í markinu í fótboltanum sem og fremst á vellinum. Við bjuggum í Noregi þegar hann var 5–10 ára og þar prófaði hann alls konar íþróttir.“


Lengi vel var Elvar Örn í fótbolta og handbolta en á endanum varð handboltinn fyrir valinu í kringum 15–16 ára aldur. Við studdum hann þá í sinni ákvörðun og höfum gert alla tíð síðan, bæði hvað Elvar Örn varðar og systkini hans.“

*Voru einhverjar áberandi fyrirmyndir hjá honum í æsku?*

„Hann fylgdist mikið með mörgum af bestu íþróttamönnum heims, eins og Michael Jordan í körfuboltanum, franska landsliðinu í handboltanum og Guðjóni Val Sigurðssyni hornamanni. Elvar Örn fylgdist mjög mikið með öðrum íþróttum en handbolta og er vel að sér á þeim bænum.“

*Hvaða tilfinningar hellast yfir þig á meðan hann spilar landsleik?*

„Ég upplifi rosa mikið keppnis-skap, verð rosalega spennnt. Þegar börnin manns eru í liðinu þá upplifir maður einhverja auka spennu. Ég er öll á iði á meðan á



leik stendur en þessi hópur sem myndar landsliðið núna einkennist af svo mikilli liðsheild og þá sjálfkrafa upplifir maður velliðan og samgledst þeim.

Það eru hins vegar alveg læti í mér á meðan á leik stendur, barnabörnin mín sitja alltaf með heyrnarhlífar við hliðina á mér því ég óskra alltaf þegar Ísland skorar mark.“

*Helstu kostir?*

„Elvar Örn er rosalega góð manneskja, með mikið og gott hjarta. Hann er mikill liðsmaður, hugsar um hópinn sinn, allt liðið. Það er rosalegur kraftur í honum, hann er einbeittur, metnaðarfullur, býr yfir miklum hraða, gleði, áræðni.“

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, móðir Gísla Þorgeirs Kristjánssonar

*Hvernig var hann sem barn?*

„Hann var skemmtilegt barn en á sama tíma krefjandi. Gísli var afar uppátækjasamt barn, alltaf glaður og kappsamur. Ef hann ætlaði sér eitthvað þá bara fór hann þangað, hann hætti aldrei og var stundum grautleiðinlegur í einhverjum rökræðum.“

*Sástu fljótt í hvað stefndi hjá honum?*

„Þetta var eins og með svo marga stráka í landsliðinu. Það býr alveg ofboðsleg boltafærni í þeim öllum. Gísli var góður í fótbolta, góður í golfi, það bjó bara í honum einhver næmni hvað íþróttirnar varðar. Hann plummaði sig meira að segja vel á hestbaki þegar ég lét hann prófa það. Gísli lagði sig allan fram og framan af var ekkert víst hvort handboltinn eða fótboltinn yrði fyrir valinu. Svo ákveður hann það, 17 eða 18 ára gamall, að velja handboltann.“

*Voru einhverjar áberandi fyrirmyndir hjá honum í æsku?*

„Hann hefur alltaf horft mikið til Ólafs Stefánssonar og Nikola Karabatic en stóra fyrirmyndin hefur verið knattspyrnumaðurinn Cristiano Ronaldo í gegnum tíðina. Þá hefur Gísli horft bara mikið til afreksíþróttafólks, hvar sem það er staðsett á litrófi íþróttanna. Hann var alltaf að reyna að læra af því.“

*Hvaða tilfinningar hellast yfir þig á meðan hann spilar landsleik?*

„Nú hefur maður bæði upplifað að vera maki landsliðsmanns og foreldri, þetta er tvennt ólíkt og allt aðrar tilfinningar í spili þegar barnið manns á í hlut. Gísli hefur oft verið þjakaður af meiðslum og maður er stundum



smeykur þegar hann er að spila. En þegar upp er staðið upplifir maður gleði yfir að vera að horfa á handbolta og sjá barnið sitt taka þátt í því að gera landsliðið enn sterkara. Það er bara ótrúlega gaman. Um leið og ég er ótrúlega stolt þá er bara ótrúlega gaman að horfa á þetta lið, það er það sem ég skynja meira núna en oft áður.“

*Helstu kostir?*

„Hvað íþróttirnar varðar þá hættrir hann aldrei, gefst aldrei upp. Svo er það bæði kostur og galli að hann hefur skap. Þá er hann næmur á umhverfi sitt, hvort sem um ræðir í tengslum við

handboltann eða innan fjölskyldunnar. Hann vill vera með fólki og hefur gaman af samveru.“

*Hvernig mun íslenska landsliðinu ganga á HM?*

„Mér finnst nálgun Guðmundar í þessum efnum bara mjög skynsöm. Við erum í erfiðasta riðlinum, leikirnir á móti Portúgal og Ungverjalandi eru 50/50 en við eigum að vinna Suður-Kóreu. Þetta fer ekki bara eftir dagsforminu hjá okkar mönnum heldur einnig eftir því hvort við verðum með heppnina með okkur í liði. Ef við komumst upp úr riðlinum, þá eru okkur allir vegir færir.“



# HVERNIG LÍÐUR ÞÉR Í MELTINGUNNI?

Bio Kult Candéa inniheldur 7 tegundir  
frostpurrikaðra og sýrupolinna gerlastofna



Bio Kult Candéa er sérhönnuð  
góðgerlablanda sem hefur það að  
markmiði að styðja við heilbrigða  
þarmaflóru og heilbrigða flóru á  
viðkvæmum svæðum.

Bio-Kult góðgerlar henta vel  
sanhliða sýklalyfjum en mælt er  
með að Bio-Kult sé tekið 1-2 klst.  
eftir inntöku sýklalyfjanna fyrir  
bestan árangur.

**Bio-Kult**<sup>®</sup>  
Candéa<sup>®</sup>



# Heimsmeistaramótið í handbolta 2023

Pólverjar og ríkjandi Evrópumeistararnir í Svíþjóð eru gestgjafarþjóðir heimsmeistaramótsins í handbolta þetta árið þar sem Danir munu reyna að vinna sinn þriðja heimsmeistaratitil í röð.

## Riðlakeppnin

Efstu þrjú lið hvers riðils tryggja sér sæti í milliriðlum.

Titlar ◆

### A-riðill: Kraká

- Spánn ◆◆
- Svartfjallaland
- Síle
- Íran

### B-riðill: Katowice

- Frakkland ◆◆◆◆◆
- Pólland
- Sádi-Arabía
- Slóvenía

### C-riðill: Gautaborg

- Svíþjóð ◆◆◆◆◆
- Brasília
- Grænhöfðaeyjar
- Úrúgvæ

### D-riðill: Kristianstad

- Ísland
- Portúgal
- Ungverjaland
- Suður-Kórea

### E-riðill: Katowice

- Þýskaland ◆◆◆◆◆
- Katar
- Serbía
- Alsír

### F-riðill: Kraká

- Noregur
- Norður-Makedónía
- Argentína
- Holland

### G-riðill: Jönköping

- Egyptaland
- Króatía ◆
- Marokkó
- Bandaríkin

### H-riðill: Malmö

- Danmörk ◆◆
- Belgía Fyrsta skipti á HM
- Barein
- Túnis



## Leikstaðir



**Forsetabikarinn:** 18.–25. janúar í Plock, Póllandi. Lið sem detta út í riðlakeppninni taka þátt og berjast um 25.–32. sæti.

## Leikir: Allar dagsetningar í janúar

B	11	FRA - PÓL	20.00	A	12	SPÁ - SVA	19.30
A	12	SÍL - ÍRA	17.00	C	13	SVÍ - BAR	19.30
B		KSA - SÁD	17.00	D	14	ÍSL - POR	19.30
C		GRÆ - ÚRÚ	17.00	E	15	SRB - ALS	19.30
D		UNG - KOR	17.00	F	16	NOR - MKD	19.30
E	13	ÞÝS - KAT	17.00	G	17	EGY - CRO	19.30
F		ARG - HOL	17.00	H	18	DEN - BEL	19.30
G		MAR - BNA	17.00	A	19	ESP - CHI	19.30
H		BAR - TÚN	17.00	B	20	POL - SVN	19.30
A	14	SVA - ÍRA	17.00	C	21	SWE - CPV	19.30
B		FRA - SÁD	17.00	D	22	ISL - HUN	19.30
C		BRA - ÚRÚ	17.00	E	23	KAT - ALS	19.30
D		POR - KOR	17.00	F	24	NOR - ARG	19.30
E	15	ÞÝS - SER	17.00	G	25	KRÓ - BNA	19.30
F		MKD - HOL	17.00	H	26	DAN - BAR	19.30
G		EGY - MAR	17.00	A	27	IRÁ - SPÁ	19.30
H		BEL - TÚN	17.00	B	28	PÓL - SÁD	19.30
A	16	SVA - SÍL	17.00	C	29	ÚRÚ - SVÍ	19.30
B		SLÓ - FRA	17.00	D	30	POR - UNG	19.30
C		BRA - GRÆ	17.00	E	31	KAT - SER	19.30
D		KOR - ÍSL	17.00	F	32	HOL - NOR	19.30
E	17	ALS - ÞÝS	17.00	G	33	KRÓ - MAR	19.30
F		MKD - ARG	17.00	H	34	TÚN - DAN	19.30
G		BNA - EGY	17.00				
H		BEL - BAR	17.00				


Heimild: IHF

## MILLIRIÐLAR

Efstu tvö liðin í milliriðlunum komast áfram í úrslitakeppnina

Riðill I: Kraká	Riðill II: Gautaborg
18 A1-B3 B1-A2 A3-B2	18 C1-D3 D1-C2 C3-D2
20 A2-B3 B2-A1 A3-B1	20 C2-D3 D2-C1 C3-D1
22 B1-A1 B2-A2 B3-A3	22 D1-C1 D2-C2 D3-C3
Riðill III: Katowice	Riðill IV: Malmö
19 E1-F3 F1-E2 E3-F2	19 G1-H3 H1-G2 G3-H2
21 E2-F3 F2-E1 E3-F1	21 G2-H3 H2-G1 G3-H1
23 F1-E1 F2-E2 F3-E3	23 H1-G1 H2-G2 H3-G3

## Átta liða úrslit: 25. janúar



Mynd: Getty Images



POLAND SWEDEN 2023 **HANDBALL**

© GRAPHIC NEWS



## Viktor Gísli Hallgrímsson

22 ára  
markvörður  
Nantes



# Á bak við tjöldin há Strákunum okkar

Við leitum til nokkurra úr hópi Strákanna okkar til þess að svara laufléttum spurningum um sitt daglega líf, spurningum sem þeir fá jafnan ekki í viðtölum í tengslum við verkefni sín með íslenska landsliðinu. Ýmislegt fróðlegt kom í ljós, hver hefði til að mynda vitað um rútínu sem Björgvin Páll gerir fyrir hvern landsleik fyrir börnin sín? Eða þá staðreynd að Bjarki Már þyrfti alltaf að fá sér Nocco fyrir leik?

aron@frettabladid.is

## Björgvin Páll Gústavsson

37 ára  
markvörður Vals



**Ertu hjátrúarfullur fyrir leik?**  
„Ég hlusta alltaf á sama playlistann og horfi á sömu fjögur YouTube-myndböndin. Myndbönd með tilþrifum frá Niklas Landin (landsliðsmarkverði Dana). Ég hef gert það síðan ég byrjaði á fullu í handboltanum og haldið í það.“  
**Hvernig bil ekurðu?**  
„Ég er á Audi A1, ég er rosalega litill bílakall.“  
**Ef þú ættir að leyfa þér einhverja svindlmátið, hvernig myndi hún líta út?**  
„Ég færi í KFC.“  
**Hver er herbergisfélagi þinn í landsliðsverkefnum?**  
„Elvar Örn Jónsson.“  
**Hvað er það versta við hann sem herbergisfélagi?**  
„Það versta er að vera með honum í herbergi eftir að ég hef tapað á móti honum í FIFA. Hann er mjög rólegur og finn, skemmtilegur herbergisfélagi.“

## Aron Pálmarrson

32 ára  
leikmaður Álaborgar, brátt FH



**Ertu hjátrúarfullur fyrir leik?**  
„Nei, engin hjátrú hjá mér.“  
**Hvernig bil ekurðu?**  
„Audi Q7 jeppa.“  
**Ef þú ættir að leyfa þér einhverja svindlmátið, hvernig myndi hún líta út?**  
„Það yrði bara beisik pítsa eða hamborgari.“  
**Hver er herbergisfélagi þinn í landsliðsverkefnum?**  
„Bjarki Már Elísson.“

**Hvað er það versta við hann sem herbergisfélagi?**  
„Það versta við Bjarka, hann er 99% frábær og ótrúlega skemmtilegur gæi, en það eina slæma við hann er þegar trúðslætin í honum fara aðeins yfir strikið. Trúðurinn er skemmtilegur en svo velur hann stundum móment sem maður botnar ekkert í. Þá fær hann líka bara gott jæja frá manni. Það er það eina við hann en svo sem ekkert til að kvarta yfir.“

**Ertu hjátrúarfullur fyrir leik?**

„Ég var rosalega hjátrúarfullur og það mikið að ég hætti því á endanum og gerði allt til þess að vera ekki hjátrúarfullur, það var hjátrú út af fyrir sig. Þetta lýsti sér þannig að ég gerði allt öflugt við það sem ég hafði tamið mér á leikdegi. Í tengslum við landsliðið þá reyni ég að halda eins mikilli rútínu og ég get. Ég er orðinn það gamall í þessu að ég veit nokkurn veginn hvað virkar fyrir mig. Þetta er bara eitthvað sem hentar mér vel varðandi næringu, rútínu og svefn. Svo þegar leikurinn er flautaður á þá kyssi ég stangirnar þrjár á markinu og línuna á gólfinu fyrir þau fjögur börn sem ég á.“  
**Hvernig bil ekurðu?**  
„Ég er á Volvo XC 90 núna frá Bilaleigu Akureyrar.“  
**Ef þú ættir að leyfa þér einhverja svindlmátið, hvernig myndi hún líta út?**  
„Þá yrði fyrir valinu SS pulsa með öllu.“  
**Hver er herbergisfélagi þinn í landsliðsverkefnum?**  
„Það er Ólafur Guðmundsson.“  
**Hvað er það versta við hann sem herbergisfélagi?**  
„Það sem fer mest í taugarnar á mér er þegar hann dettur í hnerrikast um miðja nótt. Hafði alveg þokkalegan skilning fyrir því þangað til ég komst að því að hann rumskaði ekki sjálfur við þessi 27 hner sem hann tók í röð núna fyrir þremur dögum klukkan 03.30.“

**Ertu hjátrúarfullur fyrir leik?**

„Já, alveg eitthvað. Ég er samt þannig að ef eitthvað klikkar þá fer ég ekki á taugum. Ég á samt mína hefðbundnu rútínu fyrir leik, fæ mér til dæmis alltaf Nocco og er mikill Ramonade-maður þar. Svo tek ég alltaf liðkun í hádeginu á leikdegi. Þetta eru bara hlutir sem hafa fundið sér leið inn í rútínuna hjá mér. Sumir myndu segja að þetta væri rútína, aðrir hjátrú. Svo er þetta bara þannig að eftir því sem maður verður eldri, því vanafastari verður maður.“  
**Hvernig bil ekurðu?**  
„Ég er með bil frá félaginu úti, SEAT Arona. Ég valdi þann bil ekki, bara fékk hann í hendurnar og það er ekkert sem mig langaði meira en eitthvað eitthvað annað. SEAT er einn af styrktaraðilum félagsins, maður réð engu í þessu.“  
**Ef þú ættir að leyfa þér einhverja svindlmátið, hvernig myndi hún líta út?**  
„Ég myndi segja að góð pítsa yrði fyrir valinu þar. Góð pítsa eða hamborgari.“  
**Hver er herbergisfélagi þinn í landsliðsverkefnum?**  
„Það er hann Aron Pálmarrson.“  
**Hvað er það versta við hann sem herbergisfélagi?**  
„Það er nú ekki mikið, það var morgunfúlleiki. Aron var mjög fúll á morgnana og ég beið stundum með það að segja eitthvað við hann á morgnana þar til hann var búinn að segja eitthvað við mig. Hann hefur lagast mikið með aldrinum hvað þetta varðar. Það er oft mikill trúður í mér og þá koma stundir þar sem hann verður þreyttur á því. Ætli það sé ekki það leiðinlegasta við hann, að hann verði þreyttur á því.“

## Bjarki Már Elísson

32 ára  
leikmaður  
Vezprém



## Ómar Ingi Magnússon

25 ára  
leikmaður Magdeburg



**Ertu hjátrúarfullur fyrir leik?**

„Nei, í raun ekki. Ég reyni bara að gera líkamann eins kláran fyrir leik og ég get, hvað sem það felur í sér. En engin sérstök hjátrú, ég er alls ekki hjátrúarfullur.“  
**Hvernig bil ekurðu?**  
„Ég er á jeppa, Audi-jeppa.“  
**Ef þú ættir að leyfa þér einhverja svindlmátið, hvernig myndi hún líta út?**  
„Ég er algjör nammigrís og get dottið vel í nammið. Reyni þó að passa mig eins og ég get.“  
**Hver er herbergisfélagi þinn í landsliðsverkefnum?**  
„Það er Janus Daði Smárason.“  
**Hvað er það versta við hann sem herbergisfélagi?**  
„Hann á það til að vera mikill draslari. Það getur verið mikið drasl í kringum hann.“



## Bjarki gæti náð hundrað leikjum

kristinnpall@frettabladid.is

Ef Ísland kemst áfram upp úr milli-riðlunum gæti hornamaðurinn Bjarki Már Elísson leikið sinn hundraðasta leik fyrir Íslands hönd í átta liða úrslitunum í Stokkhólmi. Með því yrði Bjarki Már fjórði leikmaður núverandi leikmannahóps og 57. leikmaður Íslands frá upphafi sem nær þessum áfanga.

Bjarki sem hefur verið meðal bestu hornamanna heims undanfarin ár hefur fest sig í sessi sem fyrsti kostur í stöðu hornamanns hjá Strákunum okkar eftir að hafa beðið um árabíl eftir tækifærinu á meðan Guðjón Valur Sigurðsson lék með landsliðinu.

Bjarki er kominn með 93 leiki og vantar því sjö leiki til að komast í hundrað leiki. Ef Bjarka tekst að spila alla leiki og Ísland kemst



Bjarki er fjórði leikjahæsti leikmaður hópsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

í átta liða úrslitin leikur Bjarki hundraðasta leik sinn í Stokkhólmi þann 25. janúar næstkomandi. Þá vantar hann þrjú mörk til að ná þrjú hundruð mörkum fyrir Ísland. ■



Hafnfirðingurinn er á sínu sjötta heimsmeistaramóti eftir að hafa misst af síðasta HM.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Björgvin kemst á lista yfir leikjahæstu


kristinnpall@frettabladid.is

Björgvin Páll Gústavsson, markvörður íslenska karlalandsliðsins, gæti orðið sá sjöundi í sögu liðsins til að ná 250 leikjum fyrir Íslands hönd á heimsmeistaramótinu í Svíþjóð og Póllandi sem er að hefjast. Til þess þarf Björgvin að koma við sögu í að minnsta kosti fjórum leikjum.

Björgvin lék 245. og 246. leiki sína fyrir Íslands hönd í æfingaleikjum gegn Þýskalandi og vantar því aðeins fjóra leiki til að ná 250 leikjum. Með því yrði hann sjöundi leikmaðurinn sem nær 250 leikjum.

Þegar mótið er að hefjast er Björgvin tólfti leikjahæsti leikmaður Íslands frá upphafi, einum leik á eftir Þorgils Óttari Mathiesen og Jakobi Óskari Sigurðssyni.

Ásgeir Örn Hallgrímsson (255), Snorri Steinn Guðjónsson (257), Valdimar Grímsson (271), Róbert Gunnarsson (276) og Júlíus Jónas-



Björgvin Páll kemst á lista yfir tíu leikjahæstu frá upphafi á mótinu.

son (288) eru ekki langt undan Björgvin en heldur lengra er í Ólaf Stefánsson sem lék 330 leiki fyrir landsliðið, Geir Sveinsson sem lék 340 leiki, Guðjón Val Sigurðsson sem á að baki 364 leiki og Guðmund Hrafnkelsson sem á leikjameitið með 407 leiki. ■

## Aron getur náð Patreki á HM

Minni ábyrgð hvílir á herðum Arons Pálmarssonar í sókn Íslands á HM að þessu sinn en stórstjarnan úr Hafnarfirði getur komist í fámennan en góðmennan hóp í Svíþjóð.

kristinnpall@frettabladid.is

Landsliðsfyrirliðinn Aron Pálmarsson ætti að komast upp fyrir Patrek Jóhannesson sem tíundi markahæsti leikmaður íslenska karlalandsliðsins frá upphafi á heimsmeistaramótinu sem hófst í gærkvöld. Eftir leiki Íslands gegn Þýskalandi um síðustu helgi þar sem Hafnfirðingurinn spilaði aðeins fyrri leikinn er Aron kominn með 623 mörk fyrir íslenska karlalandsliðið í 159 leikjum.

Hinn 32 ára gamli Aron hefur verið í lykilhlutverki hjá íslenska karlalandsliðinu í rúman áratug og skoraði 600. mark sitt fyrir



Patrekur er með fimmtán marka forskot á Aron. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Markahæstir frá upphafi:

Guðjón Valur Sigurðsson	1.875
Ólafur Indriði Stefánsson	1.570
Kristján Arason	1.123
Valdimar Grímsson	940
Snorri Steinn Guðjónsson	846
Róbert Gunnarsson	773
Sigurður Sveinsson	736
Alexander Petersson	725
Júlíus Jónasson	703
Patrekur Jóhannesson	638
Aron Pálmarsson	623

landliðið í sigri Íslands á Hollandi á Evrópumótinu á síðasta ári. Eins og staðan er í dag er Aron ellefti markahæsti leikmaður karlalandsliðsins frá upphafi og er Patrekur skammt undan í tíunda sæti á listanum yfir tíu markahæstu.

Júlíus Jónasson er enn með gott forskot á Aron í níunda sæti listans með 703 mörk en listann í heild sinni má sjá hér fyrir ofan. ■

## Hvernig er draumasófinn þinn?

### Handgerðir íslenskir sófar

- Margar útfærslur í boði
- Mikið úrval áklæða
- Engin stærðartakmörk
- Sérsmíði eftir þínum óskum

Sjá nánar á patti.is



## Kíktu í heimsókn!

Opið virka daga kl. 10-18 Laugardaga 11-15

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - patti.is

Patti  
HÚSGÖGN



Guðmundur þungt hugsi í leik Íslands og Þýskalands um síðustu helgi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Stigasöfnunin rýr í fyrsta leik á HM

kristinnpall@frettabladid.is

Ísland hefur leik á kunnuglegum slóðum þegar Strákarnir okkar mæta Portúgal í Kristianstad í dag. Liðin hafa háð margar rimmur undanfarin ár og vann Portúgal fyrsta leik liðanna á síðasta HM. Það hefur reynst Strákunum okkar erfitt að byrja mótin af krafti eins og tölfraedin sýnir.

Í síðustu fimm heimsmeistarakeppnum hefur Ísland þurft að lúta í gras í fyrstu umferð. Það þarf að fara aftur til ársins 2011 þar sem Strákarnir okkar unnu fyrsta

leik gegn Ungverjalandi en þá fór mótið einmitt fram í Svíþjóð eins og í ár.

Það helst í hendur við fyrri úrslit úr fyrstu leikjum HM, þaðan sem íslenska karlalandsliðið hefur ekki riðið feittum hesti til þessa. Í 21 keppni hefur Ísland unnið fyrsta leikinn sjö sinnum, einu sinni náð jafntefli og þrettán leikjum hefur lokið með tapi.

Þá hefur Ísland aðeins unnið einn leik af fjórtán þegar íslenska liðið mætir Evrópuþjóð í fyrstu umferð, sem var einmitt fyrrnefndur leikur við Ungverjaland. ■





Sleepy®

## Fáðu Sleepy dýnuna þína frítt!

Já þú last rétt! Við endurgreiðum allar Sleepy vörur ef Ísland kemst á verðlaunapall á HM í handbolta



Náðu í dýnuna þína og aðrar frábærar Sleepy vörur á **Sleepy.is** eða í verslun **Vest**



Tilboðið gildir fyrir allar Sleepy vörur keyptar 11.-22.janúar 2023

[www.sleepy.is](http://www.sleepy.is)

620 7200

Ármúli 17



# Húmoristinn Guðmundur og hans mörgu hliðar

Það eru fáir sem þekkja það eins vel hvernig er að vinna með Guðmundi Guðmundssyni, landsliðsþjálfara Íslands, og Óskar Bjarni Óskarsson sem starfaði um árabíl sem aðstoðarþjálfari hans hjá landsliðinu.

aron@frettabladid.is

Þjóðin lítur Guðmund ákveðnum augum í starfi hans sem landsliðsþjálfari. Hann er maður sem leggur mikið upp úr góðum undirbúningi og vinnusemi, maður sem krefst hins allra besta frá sínum leikmönnum. Það býr líka önnur hlið í landsliðsþjálfaranum Guðmundi, hlið sem þjóðin sér jafnan ekki því það sem gerist hjá þjálfarateyminu milli leikja er oft á huldu. Óskar Bjarni varpar nú ljósi á það.

„Ég kom inn í teymið hjá Guðmundi þegar hann tók við landsliðinu í annað skiptið árið 2008, fyrir umspilið fyrir Ólympíuleikana. Við störfuðum saman hjá landsliðinu í yfir fjögur ár á tímabilinu 2008 til 2012.“

Það er á þessu tímabili sem íslenska landsliðið vinnur til verðlauna, bæði á Ólympíuleikumum 2008 og Evrópumótinu 2010.

**Hvernig er að starfa með Guðmundi á stórmótum?**

„Í fyrsta lagi er Guðmundur bara mjög vinnusamur. Hann undirbýr sig og liðið alveg upp á tíu, það fer ekkert fram hjá honum og þá er hann duglegur að nota aðstoðarmenn sína í að greina komandi andstæðinga sem og leik landsliðsins. Þannig að fyrir það fyrsta er það bara vinnusemin sem einkennir hans störf, hún er gríðarleg.“

Guðmundur er einnig mjög



Guðmundur Guðmundsson og Óskar Bjarni Óskarsson áttu afar farsælt samstarf á sínum tíma með íslenska landsliðið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

góður í að greina aðalatriðin og veit upp á hár hvað hann vill gera, þá sér í lagi sóknarlega og það einkenni okkar tíma saman og eitthvað sem hann býr enn að núna á sínu þriðja tímabili með landsliðið.“

**Hugsar vel um sig**

Hver og einn þjálfari býr yfir nokkrum styrkleikum að mati Óskars Bjarna.

„Guðmundur hefur nokkur vopn í sínu vopnabúri og einn af mikilvægari styrkleikum hans þegar kemur að stórmótum, þar sem pressan er mikil, er sá að hann getur hvílst.“

Guðmundur passar vel upp á

svefninn meðan á þessum stórmótum stendur, fer tímanlega að sofa og vaknar þá frekar mun fyrir en vanalega. Í mínum augum er þetta afar aðdáunarvert því ég sjálfur átti í miklum vandræðum með þennan þátt á stórmótum.

Á þessum stórmótum ertu með þjóðina á bakinu, væntingarnar eru alltaf miklar og þú ert á leið í mikilvæga leiki þar sem mikið er undir. Við þær aðstæður hefði maður kannski haldið að svefninn væri eitt af því fyrsta til þess að fara forgörðum hjá þjálfara eins og Guðmundi sem vill hafa allt upp á tíu hjá sínu liði en hann reynir eftir fremsta megni að halda svefninum góðum og vakna

frekar fyrir og halda áfram með undirbúninginn. Ég held að þetta sé mjög góð regla hjá honum, regla sem hefur hjálpað honum að vera lengur í þessu starfi landsliðsþjálfara.“

Þá passi Guðmundur líka vel upp á sig.

„Hann hefur verið lengi í þessum bransa, þetta er í þriðja skiptið sem hann er með íslenska landsliðið, hann kann þetta allt. Hann passar upp á mataræðið, svefninn og þetta er eitthvað sem er dálítið dulið fyrir íslensku þjóðinni. Við vitum öll að Guðmundur leggur mikið á sig í þessu starfi og að vinnusemin hjá honum er upp á tíu, en svo býr líka meira að baki

sem gerir hann að einum besta þjálfara heims í dag.“

Þá sé Guðmundur mikill húmoristi.

„Hann er mjög fyndinn og skemmtilegur þegar sá gállinn er á honum, bara mjög svo. Það er sú hlið sem fólk áttar sig kannski ekki á, hann á það til að grípa í þessa eiginleika sína á stórmótum.“

**Lærdómsríkur tími**

*En var Óskar Bjarni farinn að læra inn á það hvernig best væri að nálgast Guðmund og vera í kringum hann á stórmótum, sér í lagi eftir erfiða tapleiki?*

„Við áttum mjög góðan tíma saman ég, Guðmundur og Gunnar Magnússon sem hefur náttúrulega starfað lengi með Guðmundi, ásamt fleirum sem mynduðu þetta landsliðsteymi.“

Ég held að við höfum allir kunnað ágætlega hver inn á annan. Eftir tapleiki eru þjálfarar, bara þvert yfir sviðið, í smá erfiðum aðstæðum. Þarna myndast gluggi þar sem maður þarf bara smá frið til að átta sig á hlutunum.

En að vinna með Guðmundi á stórmótum var bara mjög lærdómsríkt og gaman, að mínu mati tel ég okkur hafa unnið mjög vel saman sem teymi líkt og er raunin nú með Guðmund, Gunnar og Ágúst Jóhannsson.“

Íslenska landsliðið sé nú með það í höndunum sem beðið hefur verið eftir, svo þurfi annað að spila inn í og sama gamla tuggan varðandi spurningar um vörn og markvörslu taki við. Þá leiki sjálfs-traust stórt hlutverk. „Við erum með mjög spennandi lið í höndunum, lið sem getur gert góða hluti á heimsmeistaramótinu.“ ■

Pool - Píla - Foosball - Boltinn í beinni

## HM Í BEINNI Á REYKJAVÍK SPORTBAR

Viking tilboð á barnum á meðan strákarnir okkar spila!

**ÁFRAM ÍSLAND!**



**REYKJAVÍK RS SPORTBAR**  
Hverfisgötu 40, 101 Rvk

Léttöl





# NÚMÉR 1 Á ÍTALÍU

SÍÐAN  
1877



# MEISTARAR Í PASTAGERÐ SÍÐAN 1877



# Einkenni liða sem skara fram úr og vinna sigra

Væntingarnar til íslenska landsliðsins á stórmóttinu eru miklar, margir láta sig dreyma um verðlaunasæti á HM og hér fer Logi Geirsson, fyrrverandi atvinnu- og landsliðsmaður í handbolta, yfir það hvaða eiginleikar einkenna verðlaunalið, þau bestu.

aron@frettabladid.is

Logi veit hvað þarf til svo hægt sé að vinna stóra sigra á handboltavellinum. Logi hefur unnið titla með félagsliðum, unnið til verðlauna með íslenska landsliðinu og hér leggur hann línurnar.

„Þessi fjögur atriði eru þau allra mikilvægustu og verða að vera til staðar ætli þú þér að ná árangri,“ segir Logi við Fréttablaðið. „Ég sé ekkert því til fyrirstöðu, nema okkur sjálfa, að við getum farið alla leið í þessu móti.“

## Trú

„Það sem einkennir sigurvegara fyrst og fremst er trú þeirra á verkefnið fram undan, trúin á að geta staðið á toppnum. Trúin á að geta eitthvað því þeir sem þora þeir skora.“

Að hafa trú á því að maður geti unnið sigra skiptir alveg gríðarlega miklu máli í þessu. Það eru mjög margir sem komast í atvinnumennsku og verða landsliðsmenn en það er aðeins brotabrot af þeim sem verður sigurvegarar.



Ég varð Evrópumeistari með mínu félagsliði áður en ég kom inn í landsliðið, var búinn að læra að vinna, var með sigurvegurum í liði og sá hvernig þeir hugsuðu. Það sem er mikilvægast í því að ná árangri er trú.“

## Skýr markmið

Númer tvö í þessum efnunum er að allir einstaklingarnir sem mynda á endanum lið séu með skýra markmiðasetningu.

„Fegurðin við markmiðasetningu

er þannig að um leið og þú hefur sett þér markmið sem þú ætlar að reyna að ná, þá ferðu að spyrja þig: Hvað þarf ég að gera til þess að ná þessum markmiðum? Það er þá sem töfrarnir eiga sér stað.“

## Jákvætt viðhorf

Jákvæðni og viðhorf eru hin fullkomna blanda að mati Loga.

„Þetta fann ég á eigin skinni bara í gegnum Ólaf Stefánsson á mínum landsliðsferli. Hann er sigursælasti handboltamaður allra tíma að

Logi Geirsson gekk í gegnum fordæmlausa tíma með íslenska landsliðinu þar sem liðið vann til verðlauna á tveimur stórmótum. Hvað þarf að ganga upp svo slíkt geti endurtekið sig?

FRÉTTABLAÐIÐ/  
VILHELM

var neikvætt, í stað þess sögðum við „Halda sér inn á.“

Jákvæða viðhorfið hafi verið gegnumgangandi í landsliðsverkefnum, sama hvort um hafi verið að ræða aðstæður utan eða innan vallar.

„Þetta var í rútunni, þetta var á hótlinu, æfingum og í leikjunum. Óli Stef á heiðurinn af þessu, hann breytti þessu á alveg magnaðan hátt, maður upplifði stóra breytingu.“

## Einbeiting á eigin getu / skýr hlutverk

Á þeim tíma sem landsliðið var hvað sigursælast segir Logi að leikmenn liðsins hafi einblínt á sína eigin getu og styrkleika.

„Hvað við gætum gert vel og hugsuðum minna út í andstæðinginn, í hverju þeir væru góðir. Við unnum í okkur sjálfum og hugsuðum miklu frekar hvað við værum góðir og hvað andstæðingurinn þyrfti að gera til þess að vinna okkur. Við lærðum að vera stóra liðið, það hefur oft vantað í landslið Íslands.“

Þegar svona sigurvegarar fara úr liðinu líkt og gerðist með landsliðið á sínum tíma þá þurfa bara nýir að koma inn, það kemur nýr kultúr inn í liðið og þeir sem hafa náð að vinna, leikmenn eins og Aron Pálmarsson, þurfa að telja hinum trú um að við getum þetta. Við eflum liðsheildina á sínum tíma, skilgreindum okkar hlutverk, allir vissu sín hlutverk.“ ■

## MÖMMUSTRÁKARNIR OKKAR



Elfur Sif Sigurðardóttir, móðir Ýmis Arnar Gíslasonar

Hvernig var hann sem barn?

„Hann var nú svo sem bara ósköp venjulegt barn, ljúfur og góður.“

Sástu fljótt í hvað stefndi hjá honum?

„Hann auðvitað byrjaði fyrst að æfa fótbolta, eins og flestir, það virðist bara vera lenskan að handbolta er ekki það fyrsta sem börnin reyna fyrir sér í. Hins vegar óx þetta svolítið saman hjá honum og lengi vel var hann á fullu bæði í fótboltanum sem og handboltanum líkt og jafnaldrar hans.“

Þeir voru allir mjög góðir í liðinu hans og mynduðu saman lið í báðum íþróttum. Þá var Ýmir á sínum tíma hluti af Reykjavíkúrvalinu í fótboltanum.

Ýmir var mikið í íþróttum sem barn og við fjölskyldan stundum að miklu leyti saman alls konar útveru og hreyfingu. Fórum mikið í sund, vorum mikið á skíðum þannig að þetta lá allt rosalega vel fyrir honum.

Svo kom bara að þeim tímapunkti að hann þyrfti að velja hvaða íþrótt hann myndi helga sig. Handboltinn varð fyrir valinu og þar skipti miklu máli þjálfarteymið sem hann hafði hjá Val.

Það hvarflaði hins vegar ekki að mér á þessum tíma að hann væri efni í atvinnumann í handbolta líkt og nú er orðin raunin. Þó svo að eldri bróðir hans hafi verið kominn út í atvinnumennskuna í

handbolta þegar Ýmir var orðinn unglíngur. En auðvitað átti hann sér draum um það að gerast atvinnumaður en hvað eru síðan margir sem komast áfram á það stig?

Ég hugsaði ekkert út í það, þannig lagað, að Ýmir yrði á endanum atvinnumaður.“

Voru einhverjar áberandi fyrirmyndir hjá honum í æsku?

Eldri bróðir Ýmis, Orri Freyr Gíslason, er níu árum eldri og var kominn út í atvinnumennsku í handbolta á unglingsárum Ýmis. Hann reyndist honum mikil fyrirmynd. Þá á hann yngri bróður, Tjörva Tý, sem er á mála hjá Val.

Einhvern veginn æxlaðist þetta þannig að þeir hafa allir orðið línumenn í handboltanum.“

Hvaða tilfinningar hellast yfir þig á meðan hann spilar landsleik?

„Ég upplifi alveg óskaplega mikið stolt þegar ég sé hann í íslenska landsliðsbúningnum. Ég treysti honum alveg fullkomlega inni á vellinum, veit að hann gerir alltaf sitt besta og er því róleg að einhverju leyti á meðan á leik stendur.“

Helstu kostir?

„Ýmir er bara þannig gerður að hann hættir aldrei fyrir en hann er bara orðinn bestur í því sem hann tekur sér fyrir hendur. Hann klárar öll sín verkefni með sóma. Reynir eftir fremsta megni að standa við gefin loforð og gera eins vel og hann getur.“



## Hjarta heimilisins

Við hönnum innréttingar að þínum þörfum

FRÍFORM  
2000 — 2022

Virka daga 10–17  
Laugardaga 11–15

Fríform ehf.  
Askalind 3,  
201 Kópavogur.  
562–1500  
Friform.is.





**ZHENZI Paloma shifon kjóll**  
Stærðir 42-58  
Verð áður 12.990 kr  
Útsöluverð 9.093 kr



**ZE ZE Atla kjóll**  
Fæst líka í svörtu Stærðir 38-48  
Verð áður 9.990 kr  
Útsöluverð 6.993 kr



**ZE ZE Goodby kjóll**  
Fæst líka í brúnu Stærðir 38-48  
Verð áður 9.990 kr  
Útsöluverð 5.994 kr



**ZE ZE Goodby tunika**  
Fæst líka í grænu Stærðir 38-46  
Verð áður 8.990 kr  
Útsöluverð 5.394 kr



**ZE ZE Faud shifon kjóll**  
Fæst líka í brúnu Stærðir 38-46  
Verð áður 10.990 kr  
Útsöluverð 7.693 kr

# ÚTSALAN ER HAFIN

## 30-80% afsláttur af öllum útsöluvörum



**ZHENZI Megane kjóll**  
Stærðir 42-56  
Verð áður 12.990 kr  
Útsöluverð 9.093 kr



**ZE ZE Juan glimmer golla**  
Fæst líka í rauðu Stærðir 40-48  
Verð áður 8.990 kr  
Útsöluverð 6.293 kr



**ZHENZI Jaylee glitter kjóll**  
Fleiri litir til Stærðir 42-56  
Verð áður 9.990 kr  
Útsöluverð 6.993 kr



**ZE ZE hettupeysukjóll**  
Fæst líka í bleiku Stærðir 38-48  
Verð áður 12.990 kr  
Útsöluverð 6.495 kr



**ZE ZE Tron mjúk kósýpeysa**  
Fæst líka í svörtu Stærðir 38-46  
Verð áður 5.990 kr  
Útsöluverð 4.193 kr



**YEST/YESTA röndótt skyrta**  
Stærðir 38-56  
Verð áður 10.980 kr  
Útsöluverð 7.686 kr



**YESTA Aurelia treggings**  
Fleiri litir til Stærðir 44-56  
Verð áður 7.980 kr  
Útsöluverð 5.586 kr



**ZE ZE Síð opin peysa**  
Fæst líka í svörtu Stærðir 40-46  
Verð áður 12.990 kr  
Útsöluverð 6.495 kr



**ZE ZE Bulk stuttermakjóll**  
Fæst líka í bláu Stærðir 38-46  
Verð áður 9.990 kr  
Útsöluverð 6.993 kr



**ZHENZI sparileg golla**  
Stærðir 42-56  
Verð áður 8.990 kr  
Útsöluverð 4.495 kr

Verzlunin Belladonna

# belladonna

Líttu við á  
[belladonna.is](http://belladonna.is)

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460



# Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16  
Netfang: [smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is)

## Þjónusta

## Málarar

### MÁLARAR

Tökum að okkur alla almenna málingavinnu, við erum faglærðir með mikla reynslu og sanngjarnir í verðum.  
s. 782 4540 [loggilurmalari@gmail.com](mailto:loggilurmalari@gmail.com)

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is) [flytja@flytja.is](mailto:flytja@flytja.is)

## Húsviðhald

### FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

## Nudd

### NUDD NUDD NUDD


Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

## Rafvirkjun

DYRASÍMAR WIFI-NET SJÓNVARP Uppsetning - viðhald Rafeindameistarinn ehf 777-4944

## Keypt & Selt

## Til sölu



Yleiningar. Til sölu 197m<sup>2</sup> af hvítum 120mm steinullar yleiningum í lengdinni 4,49m. Selst allt í einu lagi á góðu verði. Upplýsingar í síma 515 4187



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. [www.myranaut.is](http://www.myranaut.is) s. 868 7204

## Heilsa

## Heilsuvörur



## Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625

### Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, [hrannar@frettabladid.is](mailto:hrannar@frettabladid.is)  
Arna Rut Kristinsdóttir, [arnarut@frettabladid.is](mailto:arnarut@frettabladid.is)

## Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

[WWW.GEYMSLAEITT.IS](http://WWW.GEYMSLAEITT.IS)  
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500

### GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. [www.geymslur.is](http://www.geymslur.is)



## Umhverfismat framkvæmda Umhverfismatsskýrsla í kynningu

## Efnistaka úr Litlabakkanámu

Landeigandi Litlabakka hefur lagt fram umhverfismatsskýrslu vegna umhverfismats áframhaldandi efnistöku úr Litlabakkanámu, Múlaþingi.

**Kynning á umhverfismatsskýrslu:** Tillaga að ofangreindri framkvæmd og umhverfismatsskýrsla liggur frammi til kynningar á skrifstofu Múlaþings og hjá Skipulagsstofnun frá 12. janúar til 24. febrúar 2023. Umhverfismatsskýrslan er aðgengileg á vefsíðu stofnunarinnar: [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is).

**Umsagnarfrestur:** Allir geta kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og lagt fram umsögn. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **24. febrúar 2023** til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is).



## GRINDAVÍKURBÆR

## Auglýsing vegna hverfisskipulags

Grindavíkurbær auglýsir í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skipulagslýsingu vegna 2. áfanga hverfisskipulags. Svæði hverfisskipulagsins afmarkast af Hraunum og Vörum vestan Víkurbrautar og Austan Víkurbrautar afmarkast skipulagssvæðið af Austurvegi, Mánagötu, Hafnargötu og Ægisgötu.

Kynningargögn má finna á heimasíðu Grindavíkurbæjar, [www.grindavik.is](http://www.grindavik.is), og í afgreiðslu á bæjarskrifstofu Grindavíkurbæjar að Víkurbraut 62 (2.hæð) frá kl. 8:00 til 15:00 á þriðjudögum og fimmtudögum og frá kl. 9:30 til 15:00 á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum.

Skipulagslýsingin er í kynningu til og með 2. febrúar nk. Eru þeir sem hafa hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér lýsinguna. Athugasemdir eða ábendingar skal senda skriflega á netfangið [atligeir@grindavik.is](mailto:atligeir@grindavik.is) eða til Grindavíkurbæjar og merkja „Hverfisskipulag – 2. áfangi, Víkurbraut 62, 240 Grindavík, Víkurbraut 62, 240 Grindavík, eigi síðar en 2. febrúar nk.

f.h. bæjarstjórnar Grindavíkur  
Atli Geir Júlíusson, skipulagsfulltrúi

# Þjónustuauglýsingar Sími 550 5055

## Geymsluskúrar / gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bástál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl.; [reisum@simnet.is](mailto:reisum@simnet.is) eða s. 899 0913 Fríða, [www.reisum.is](http://www.reisum.is)

## ER BÍLSÆTID RIFID ?



Bílsætavíðgerðir, mótörhóla og snjósléðasæti. Húsbílaflæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á [www.hsbolstrun.is](http://www.hsbolstrun.is)

## Formbólstrun

Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 [www.hs@bolstrun.is](http://www.hs@bolstrun.is)

## Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. [reisum@simnet.is](mailto:reisum@simnet.is) eða í síma 899 0913 Fríða [www.reisum.is](http://www.reisum.is)

## viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

## íshúsið

S: 566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Alla fimmtudaga og laugardaga

[arnarut@frettabladid.is](mailto:arnarut@frettabladid.is)



Erum við að leita að þér?

RÁÐGJÖF  
RÁÐNINGAR  
RANNSÓKNIR



intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • [intellecta.is](http://intellecta.is)



# Frelsum tónlistina



**Helga Margrét Marzelliúsar-dóttir**  
tónlistarmaður og varaborgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

Tónlistarstarf á grunnskólastigi er olnbogabarn. Í hið minnsta þrjá áratugi hafa stjórnmalámennt keppst við að dásama menningarstarf í Reykjavík, en á sama tíma ekki litið við ákalli tónlistarskóla, tónlistarkennara eða tónlistarnema um bættan aðbúnað og skilvirkara skipulag hér í Reykjavík.

Tónlistarskólar í Reykjavík eru dýrir. Í sjálfu sér er eðlilegt að kennsla sé dýr, og tónlistarkennsla sérstaklega. Tónlistarkennsla er í eðli sínu langoftast einkakennsla, eða kennd í smærri hópum þar sem kostnaður dreifist á fáa. Samt sem áður er það ekki lögmál að tónlistarkennsla þurfi að vera rándýr, og alls ekki lögmál að hún þurfi, ár eftir ár, að vera óaðgengilegri og dýrari hér í borginni.

Í nokkrum grunnskólum borgarinnar er sú leið farin að kennsla tónlistarskóla fari fram innan skólans og á skólatíma. Þetta ætti í raun að vera í boði í öllum grunnskólum borgarinnar. Eftir skólatíma gætu sjálfstætt starfandi kórar og aðrir fengið aðgang gegn greiðslu að annars ónýttum fermetrum fasteigna grunnskóla. Hér í borginni hefur tregða mætt þeim sem vilja komast í þá fermetra. Barna eru grunnskólar aðeins eitt dæmi, því fjölmargir fermetrar borgarinnar liggja ónýttir eftir klukkan fjögur á daginn.

Á sama tíma er stjórnendum grunnskóla sem vilja gera betur sniðinn þróngur stakkur. Gildandi kjarasamningar milli borgarinnar og stéttarfélag kennara taka hvergi almennilega á starfi tónlistarmanna eða kennara innan skóla. Menntaðir kórstjórar eru þannig til að mynda „flokkaðir“ sem „aðrir starfsmenn“ og mat á vinnuframlagi menntaðra



tónlistarmanna, til dæmis við að leiða hópsöng, starfrækja skólakór eða hreinlega halda utan um hljóðfærabirgðir grunnskóla, fellur oft utan ramma gildandi samninga.

Þá er skólastjórnendum gert að hampa þeim með tónmenntakennaramenntun umfram þá sem eru með tónlistarmentun. Það er í sjálfu sér í takt við hefðir og venjur sem skapast hafa á opinberum vinnumarkaði, nema fyrir þær sakir að það virðist ekki lengur skilyrði að kunna á hljóðfæri til að útskrifast sem tónmenntakennari frá Háskóla Íslands.

Þannig þyrfti skólastjóri í grunnskóla Reykjavíkurborgar að hafna umsóknum Bjarkar Guðmundsdóttur, KK, Hildar Guðnadóttur, Víkings Heiðars eða Röggú Gísla

og ráða í staðinn nýútskrifaðan lærðan tónmenntakennara sem gæti í mesta lagi pikkað Gamla Nóa á hljómborð. Og þá allra sist gripið hljóðfæri í hönd og haldið uppi hópsöng.

Auðvitað er dæmið að ofan eins ýkt og hægt verður og ekki er það ætlunin að gera litið úr menntun kennara, en punkturinn auðvitað sá að sveigjanleikinn er enginn. Ef borgin ætlar að vera „Menningarborg“ þarf hún auðvitað að geta stutt við menningu og kunna til þess aðrar leiðir en að reka styrktarsjóði fyrir tónlistarmenn sem þegar eru orðnir tónlistarmenn.

Þess má þá jafnframt geta að skólakórar eru í dag eina skipulagða tónlistarstarfið sem börn hafa aðgang að án endurgjalds og

„  
Það virðist ekki lengur skilyrði að kunna á hljóðfæri til að útskrifast sem tónmenntakennari frá Háskóla Íslands.

þannig opið öllum óháð efnahag foreldra. Í rúman áratug hefur borgin sagst ætla að styðja við kórastarf í grunnskólum en raunveruleikinn er því miður sá að kórastarf er yfirleitt það fyrsta til að fjúka þegar hagræðingarkröfur banka á dyrnar. Það þekkest vel á framhaldsskólastiginu því þar leið kórastarf mikið fyrir styttingu framhaldsskólánáms. Í dag eru starfandi kórar á því skólastigi teljandi á fingrum annarrar handar, því miður.

Nú þarf að huga að næstu kynslóð tónlistarmanna og byrja á réttum stað: Í grunnskólum. Nú þarf borgin að þora að hugsa út fyrir kassann.

Borgin þarf að slá af kröfum um lágmarksfjölda nemenda í tónlistarskólum til þess að mega þiggja frístundastyrki úr hendi foreldra ungra tónlistarnema. Hún þarf að þora að fara nýstárlegar leiðir í ráðningu tónlistarmanna og kennara í grunnskólum borgarinnar ýmist í samstarfi við Kennarasambandið, sem þarf þá líka að þora að opna augun fyrir breyttum starfsaðferðum, eða þá með sjálfstæðum samningum við stéttarfélag tónlistarmanna. Borgin þarf að þora að opna harðlæstar fasteignir sínar utan skólatíma og styðja þannig við frjálst og blómlegt starf kóra, sem er blessunarlega með allra blómlegasta móti hér á Íslandi, og hún þarf að þora að treysta skólastjórnendum einstakra skóla í kerfinu sem vilja gera betur.

Með því að brjóta tónlistarstarf barna og ungmenna í borginni úr sjálfskipuðu kerfisfangelsi tryggjum við frjóan jarðveg fyrir áframhaldandi tónlistarlífi í borginni. Tónlist er skapandi, það þarf Reykjavíkurborg að vera. ■

# Réttmætar ábendingar um námslán



**Steinunn Þóra Árnadóttir**  
þingmaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs

Námslánakerfi eru eitthvert mikilvægasta félagslega jöfnunartæki samtímans. Með námslánum reynum við að gera fólki fært að leita sér menntunar óháð efnahag og félagslegri stöðu. Þær kröfur sem gera verður til námslánakerfa eru tvíþættar: að þau tryggji námsfólki næga framfærslu til að þau geti einbeitt sér að náminu og að endurgreiðslubyrðin sé ekki slík að viðskiptavinir lánasjóðsins reisi sér hurðarás um óxl.

Lengi vel var sú krafa gerð til þeirra sem sóttu um námslán að þau öfluðu sér ábyrgðarmanna fyrir skuldinni. Mörgum reyndist erfitt að afla slíkra ábyrgða eða þungbært að leggja slíkar kvaðir á herðar ástvína eða kunningja. Það var því stórt skref í átt til jöfnuðar þegar ábyrgðarmannakerfið var aflagt á nýjum námslánum í menntamálaráðherraþíð Katrínar Jakobsdóttur í vinstrihreyfinginni 2009-2013.

Fáum mun í dag koma til hugar að hverfa aftur til fyrra kerfis þar sem þriðja aðila var blandað inn í skuldamála námslánaþega. Ekki var hróflað við þeim ábyrgðum sem hvíldu á eldri námslánnum og eftir því sem lengri tími leið frá kerfisbreytingunni varð misræmið í stöðu nýrri og eldri viðskiptavina Lánasjóðsins augljósara. Við löngu tímabæra endurskoðun námslána-kerfisins árið 2020, þar sem Lánasjóður íslenskra námsmanna varð að Menntasjóði námsmanna, var sú nýbreytni tekin upp að hluti námslána varð styrkur, auk þess var stigið það mikilvæga skref að fella niður ábyrgðir á þeim eldri lánnum sem væru í skilum. Bölsýnisþár sögðu að þessi breyting myndi valda sjóðnum búsigjum með stóru auknum vanskilum en þær hafa ekki ræst.



## Það sem út af stóð

Með nýju lögunum eru langflest námslán landsmanna nú án ábyrgðarmanna. Eftir standa þau lán sem ekki voru í skilum. Ótal ástæður kunna að vera fyrir þeim vanskilum og eru mörg sorgleg dæmi um fólk sem hefur orðið illa úti vegna þessa. Umboðsmaður skuldara, Ásta S. Helgadóttir, hefur á síðustu dögum bent í ræðu og riti á óréttlætið sem hlotist getur af þessum síðustu eftirhreytum gamla ábyrgðarmannakerfisins sem og vegna sérreglna sem gilda um námslán, til að mynda að þau séu undanskilin fyrningarfresti við gjaldþrot og að örorkulífeyrisþegar geti ekki fengið námslánaskuldir niðurfelldar heldur þurfi að sækja

um árlegar undanþágur út í hið óendanlega.

Ásta bendir á að ekki sé ljóst hvort lánþegar og ábyrgðarmenn lána sem ekki voru í skilum við sjóðinn við gildistöku laganna hafi verið upplýstir með fullnægjandi hætti um að ábyrgðarskuldbindingar yrðu felldar niður ef vanskil væru gerð upp. Þá veltir hún því fyrir sér hvort eðlilegt sé að stofnun á borð við Menntasjóð námsmanna nýti sér þjónustu lögmanna og innheimtufyrirtækja í stað þess að hafa innheimtuna alfarið á forræði opinberra aðila.

## Hver er staðan í dag?

Fyrir í vetur beindi ég fyrirspurn til háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunaráðherra um hver væri heildarupp-

hæð þeirra ábyrgða sem enn hvíla á námslánnum, hversu háar greiðslur sjóðurinn hefði fengið frá ábyrgðarmönnum vegna gjaldfallinna námslána á árinu 2021 og til hvers konar aðfararaðgerða sjóðurinn hefði gripið gagnvart ábyrgðarmönnum frá því að hin almenna niðurfelling var lögfest. Svörin við þessum spurningum eru í vinnslu.

Ég þakka Umboðsmanni skuldara fyrir að vekja athygli á þessu mikilvæga réttlætismáli og benda á veikleika í löggjöfinni sem mikilvægt er að taka á. Umboðsmaður bendir á að við setningu laganna árið 2020 hafi verið samþykkt að ráðast skyldi í endurskoðun að þremur árum liðnum. Nú er tímabært að bretta upp ermarnar og gera gott kerfi betra. ■

„  
Ég þakka Umboðsmanni skuldara fyrir að vekja athygli á þessu mikilvæga réttlætismáli og benda á veikleika í löggjöfinni sem mikilvægt er að taka á.



## Frægir spá



**Guðni Th. Jóhannesson**  
forseti Íslands

„Strákunum okkar mun ganga afar vel. Ég er viss um að þeir komast áfram

úr upphafsriðlinum og eftir það geta ævintýrin gerst. Í hverjum leik verða einhverjar stjórnur sem skína skærast en það er liðsheildin sem skapar sigur og gott gengi. Áfram Ísland!“



**Krístrún Frostadóttir**  
formaður Samfylkingarinnar og þingmaður

„Ég held að liðinu muni ganga mjög vel. Við spilum

um verðlaun og ég spái því að liðið lendi í 3. sæti. Ómar Ingi verður stjarna mótsins, ekki spurning.“



**Elvar Geir Magnússon**  
ritstjóri Fótbolti.net

„Ég spái því að Ísland verði heimsmeistari og stend við

það. Ég fer alla leið í því að vera ofpeppaður í væntingum fyrir mótið (bið Gumma Gummi afsökunar). Við getum keppt við þá bestu og ef allt gengur upp hjá okkur, og Covid-prófin verða okkur hagstæð, getum við unnið þetta mót. Viktor Gísli varð alvöru stjarna á síðasta móti og hann verður okkar stjarna.



**Egill Ploder**  
útvarpsmaður á FM957

„Við erum með algjörlega sturlað lið. Það að vera að halda niðri væntingum

er leiðinlegt take. Förum bara akkúrat í hina áttina og segjum að við endum í topp 3! Ég ætla að segja hægri vængur liðsins. Ómar Ingi og Sigvaldi munu tengja vel saman. Ómar endar sem MVP mótsins.“



**Hjálmar Örn Jóhannsson**  
hlaðvarpsstjarna og skemmtikraftur

„Ísland mun fara alla leið í úrslitaleikinn, þetta

verður samt erfiðara en margir halda en eins og allt sem þarf að hafa fyrir verður árangurinn sætari. Ég vil ekki segja hvernig úrslitaleikurinn fer en verð því miður að spoila því og lokatölur verða 34–32 (Ísland vinnur). Stjarna mótsins verður Árbæingurinn hugljúfi með síða hárið, hann Bjarki Már! Alltaf léttur og ljúfur en í þessu móti munu engin bönd halda honum nema hárbandið.“



**Sverrir Þór Sverrisson**  
leikari

Við lendum í 3. sæti og Ómar Ingi heldur áfram að vera stjarna liðsins.



Íslenska landsliðið hefur leik á heimsmeistaramótinu í handbolta í dag, miklar væntingar eru gerðar til liðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Gætu bætt besta árangur sögunnar

Íslenska karlalandsliðið í handbolta hefur í kvöld leik á heimsmeistaramótinu í Póllandi og Svíþjóð. Þá mæta strákarnir okkar Portúgal í Kristianstad. Gríðarlega mikil eftirvænting ríkir fyrir mótiinu. Íslenska liðið freistar þess að bæta besta árangur sinn í sögunni, enda efniviðurinn svo sannarlega til staðar.

helgifannar@frettabladid.is

**HANDBOLTI** Besti árangur á heimsmeistaramóti í sögu íslenska karlalandsliðsins kom á HM í Japan árið 1997. Þá hafnaði Ísland í fimmta sæti eftir sigur á Egyptum, þar sem leikið var um sætið. Íþróttafréttamaðurinn þrautreyndi Guðjón Guðmundsson, gjarnan kallaður Gaupi, er einn sá fremsti hér á landi þegar kemur að handbolta. Hann man vel eftir mótiinu í Japan 1997. Fréttablaðið leitaði til hans og fékk hann til að bera saman strákana okkar í dag og þá.

„Fyrst og síðast spilaði liðið góða vörn og markvarslan var góð. Við vorum með afbragðsskyttur eins og Róbert Julian Duranona. Patrekur Jóhannesson og fleiri voru að spila mjög vel. Mikið af leikmönnum var á sínum besta degi í Japan. Það gerði það að verkum að við náðum þessum árangri,“ segir Gaupi um landsliðið sem náði frábærum árangri 1997 á HM í Japan.

**Liðið 1997 kom á óvart** Það kom nokkuð á óvart að liðið þá skyldi hafna í fimmta sæti.

„Það var enginn sem sá það í spilunum fyrir mót en það var samt nokkur bjartsýni. Fimmta sætið þar var frábært og liðið hefði getað náð lengra með smá heppni.“

Ísland vann riðið sinn á HM 1997 og einnig einvígi sitt gegn Noregi í 16 liða úrslitum. Naumt tap gegn Ungverjum beið hins vegar í átta liða úrslitum, sem var svekkjandi úr



Mitt mat er að þetta lið er frábært og á eftir að verða betra en við erum sjötta til áttunda besta liðið í dag. Sjötta sætið er ekki ólíklegur árangur. Ég held að verðlaunasætið sé ofmat.



Guðjón Guðmundsson

því sem komið var. „Það voru gríðarlega mikil vonbrigði með þetta hér heima því liðið hafði spilað svo vel. Það var frábært á mótiinu og það var innstæða til að fara ögn lengra. Það bara tókst ekki.“

Þó að bjartsýnin hafi verið einhver fyrir mótið í Japan er hún mun meiri í dag, að sögn Gaupa. Hann segir jafnvel of mikla bjartsýni ríkja fyrir mótiinu í Póllandi og Svíþjóð.

„Væntingarnar núna hafa farið upp úr öllu valdi því fólk horfir á verðlaunasæti á þessu móti, sem vissulega er möguleiki. Mitt mat er að þetta lið er frábært og á eftir að verða betra en við erum sjötta til áttunda besta liðið í dag. Sjötta sætið er ekki ólíklegur árangur. Ég held að verðlaunasætið sé ofmat.“

### Besti árangurinn 5. sæti:

Íslenska karlalandsliðið tók fyrst þátt á heimsmeistaramóti árið 1958. Þá var það haldið í Austur-Þýskalandi. Síðan þá hefur liðið nokkrum sinnum náð markverðum árangri.

Sá besti kom á HM í Japan árið 1997. Þá hafnaði liðið í fimmta sæti eftir að hafa verið slegið út í átta liða úrslitum.

Ísland hefur þá þrisvar sinnum hafnað í sjötta sæti. Fyrst árið 1961 í Vestur-Þýskalandi í tólf liða móti. 1986 náði íslenska liðið svo sjötta sæti á ný, þá í Sviss á sextán liða móti. Aftur hafnaði liðið í sjötta sæti á HM í Svíþjóð 2011. Í þeirri keppni voru 24 lið mætt til leiks, átta færri en þau eru nú. Fimmti besti árangur Íslands kom á HM í Portúgal 2003. Þá lauk liðið leik í sjöunda sæti.

### Allt öðruvísi lið

Þó svo að liðin 1997 og í dag séu bæði mjög sterk er þó nokkur munur á þeim.

„Þetta er allt öðruvísi lið í dag. Liðið í dag er eitt besta gegnumbrots-lið í heimi, það var ekki svaðleidis 1997. Í dag erum við með þrjá menn sem eru á meðal bestu handboltamanna í heimi, Gísli Þorgeir (Kristjánsson), Bjarka Má (Elísson) og Ómar Inga (Magnússon). Við höfðum það ekki 1997. Að vísu tel ég að markvarslan hafi verið betri þá en í dag, þó að Viktor Gísli sé einn efnilegasti markmaður í heimi og Björgvin Páll frábær.“

Gaupi segir að mikil samheldni hafi einkennt liðið 1997. Hann sér það einnig í liðinu í dag. Þó sér

Gaupi það ekki fara lengra en í átta liða úrslit, þó að möguleikinn á að ná enn betri árangri sé til staðar.

„Þetta mót er þannig að öll 8–10 bestu lið í heimi ætla sér í undanúrslit og að vera á meðal bestu liða. Og allar þessar þjóðir eru með lið sem geta farið alla leið.“

### Erfiður riðill

Í riðli Íslands eru Portúgal, Ungverjaland og Suður-Kórea. Gaupi telur ýmislegt þurfa að varast í riðlinum. Hann hefur kynnt sér liðin vel og segir ljóst að ekkert faist gefins á þessu fyrsta stigi keppninnar.

„Portúgal eru með betra lið en þeir voru með á síðasta ári, þegar við unnum þá með fjórum mörkum á EM,“ segir hann, en Ísland vann Portúgal í riðlakeppni Evrópumótsins í Ungverjalandi í fyrra.

Íslenska liðið var einnig í riðli með heimamönnum, Ungverjum, á mótiinu og vann nauman eins marks sigur. Gaupi bendir á að Ungverjar mæti til leiks með sterk lið á flestöll stórmót.

„Ungverjar eru á pari við það sem þeir voru á heimavelli á síðasta ári. Nú er pressan mun meiri á þeim. Ef við skoðum söguna hafa Ungverjar nánast undantekningalítið verið með lið sem er á meðal átta bestu á heimsmeistaramóti.“

Að lokum kemur Gaupi með sína spá fyrir HM í Póllandi og Svíþjóð. „Ég spái íslenska liðinu sjötta sæti. Komist liðið í undanúrslit tel ég að fjórða sætið verði niðurstaðan, við munum ekki vinna verðlaun,“ segir Guðjón Guðmundsson.

Leikur Íslands og Portúgal hefst klukkan 19.30 í kvöld að íslenskum tíma. Á laugardag mætir liðið svo Ungverjum í öðrum leik sínum. Loks verður Suður-Kórea andstæðingur strákana okkar næstkomandi mánudag. Allir leikir riðlakeppninnar fara fram í Kristianstad í Svíþjóð. ■



**RIF**  
RESTAURANT

HM TILBOÐ 

**KJÚKLINGA  
VÆNGIR**

eða beinlausir kjúklingabitar

+

**BJÓR**

á krana, vínglas eða gos

**= 2.490 KR**

Alla daga frá kl 14:00

**ÁFRAM ÍSLAND!**

Gildir út 29.janúar 2023



## Merkisatburðir

- 1830** Síðasta aftaka á Íslandi. Friðrik Sigurðsson og Agnes Magnúsdóttir, sem höfðu myrt Natan Ketilsson og Pétur Jónsson, voru hálfhöggvin.
- 1969** Led Zeppelin gefa út fyrstu breiðskífu sína.
- 1985** Metfrost verða á Mið-Ítalíu. Fjöldi ólífutrjáa drepst.
- 1992** Hætt við aðra umferð þingkosninga í Alsír þegar Íslamski frelsisfrátturinn vinnur fyrri umferðina.
- 1993** Aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, EES, er samþykkt á Alþingi eftir 100 klukkustunda umræður.
- 1998** 19 Evrópulönd banna klónun á mönnum.
- 2005** Könnunarfarinu Deep Impact skotið á loft frá Canaveral-höfða.
- 2007** Bygging tónlistarhússins Hörpu hefst formlega.



Hjartans faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Sigurjón Guðmundur Jóhannesson**

lést þann 3. janúar á hjúkrunarheimilinu Mörk, bjó áður í Furugerði 1. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Áslaug Sigurjónsdóttir  
Jakob Sigurðarson  
Jóakim Snær Sigurðarson  
Sigrún Sif Sigurðardóttir  
og barnabarnabörn

Sigurður Ólafsson  
Helga Sjöfn Magnúsdóttir  
Baldrún Karitas Jóhannsdóttir  
Vignir Val Steinarsson  
og barnabarnabörn



Ástkær faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,  
**Gisli Ferdinandsson**  
skósmiður,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund, 24. desember. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 13. janúar kl. 13.

Guðriður Valva Gísladóttir  
Kolbeinn Gíslason  
Ólafur Haukur Gíslason  
Magnea Auður Gísladóttir  
Þorbjörn Reynir Gíslason  
Gísli Gíslason  
Matthías Rúnar Gíslason  
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn

Margaret Gíslason  
Alma Sæbjörnsdóttir  
Yovanna Llerena Sanchez  
Arney Einarsdóttir



Elsku hjartans eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Erla Sigurbjörnsdóttir**  
Fjarðargötu 17, Hafnarfirði,

lést í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 8. janúar. Útförin verður auglýst síðar.

Eysteinn Jónsson

Jón Heiðar Pálsson  
Erla Óladóttir  
Sólveig Óladóttir  
Solveig Unnur Eysteinsdóttir  
Margrét Erla Eysteinsdóttir  
Unnur Sigurbjörg Eysteinsdóttir  
Melrós Eysteinsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn

Anna Jóna Einarsdóttir  
Sveinn Rúnarsson  
Eiríkur Davíðsson  
Kristján Hilmarsson  
Ingólfur Ásgeirsson



Ástkær móðir okkar, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,  
**Sigríður Skarphéðinsdóttir**  
áður til heimilis að Hraunbæ 103,

lést á Hrafnistu, Hafnarfirði, laugardaginn 7. janúar. Útför verður auglýst síðar.

Hulda Pétursdóttir  
Skarphéðinn Pétursson  
Guðrún Pétursdóttir  
Pétur Hans Pétursson  
Kristín Pétursdóttir  
Steingrímur Guðni Pétursson  
ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn

Guðmundur Egilsson  
Anna Baldvína Jóhannesd.  
Bjarni Guðmundsson  
Laufey Sigríður Jónsdóttir  
Þorsteinn B. Sveinsson



Lea segist sérstaklega spennt fyrir portúgölsku myndinni Mar.

MYND/SKJÁSKOT

## Kvenlægt kvikmyndamyrkur

Undirtónninn er myrkur í Reykjavík Feminist Film Festival sem stendur yfir á næstu dögum.

arnartomas@frettabladid.is

Reykjavík Feminist Film Festival rúllar af stað í fjórða skipti í kvöld og stendur yfir fram á sunnudag. Eins og áður er hátíðin í ár smekkkfull af stuttmyndum og myndum í fullri lengd í leikstjórn kvenna víðs vegar um heim.

„Stemningin er svakaleg þótt hlutirnir hafi aðeins verið á síðasta snúningi hjá okkur,“ segir Lea Ævarsdóttir, stjórnandi hátíðarinnar. „Við erum með ótrúlega flott teymi af sjálfbodaliðum og starfsfólki sem hefur verið hér frá upphafi og það er gríðarlegur spennigur.“

Lea segir spurninguna um hvaða lönd eigi fulltrúa á hátíðinni ekki eiga við, heldur miklu frekar hvaða lönd eigi það ekki.

„Við erum með myndir frá Frakklandi, Argentínu, Portúgal og svo auðvitað mikið af myndum frá Norðurlöndunum því við erum í samstarfi við Norræna húsið við þeirra kvikmyndahátíð, Nordic Film Focus.“



Viðfangsefnið er oft mjög sálfræðilegt og tengt því hvað konur geta verið fastar í ákveðnum skorðum.

Lea segir samstarfið dýrmætt meðal annars þar sem norrænu sendiráðin flytja inn leikstýrnarnar og fleiri aðila sem koma að myndunum sem gesti á hátíðina í ár. „Við fáum til að mynda gesti frá Grænlandi, Namibíu og Bandaríkjunum og verðum með mikið af pallborðsumræðum.“

Nordic Film Focus er árlegt samstarf Norræna hússins í Reykjavík og norrænu sendiráðanna á Íslandi og er dagskráin í ár í myrkari kantinum, uppfull

af sálfræðitryllum og hryllingi sem viðfangsefni.

„Viðfangsefnið er oft mjög sálfræðilegt og tengt því hvað konur geta verið fastar í ákveðnum skorðum,“ segir Lea.

Lea á erfitt með að velja úr þegar hún er beðin að benda á hverju megi síst missa af á Reykjavík Film Festival í ár.

„Opnunarmyndin okkar í ár er Innocence eftir Lucile Hadžihalilović,“ segir Lea. „Vinkona mín benti mér á hana í haust og myndirnar hennar eru svo klikkaðar og öðruvísi að ég hef aldrei séð annað eins. Mér þykir svo furðulegt að ég hafi aldrei heyrt um hana áður.“

Þá bendir Lea einnig á samstarf við tvær aðrar erlendar kvikmyndahátíðir.

„Það er annars vegar WOFFF, Women Over Fifty Film Festival, sem breska sendiráðið kemur með, og það er einstakur kvikmyndapakki sem kemur inn frá þeim,“ segir hún. „Síðan erum við í samstarfi við Wench Film Festival frá Mumbai – þær myndir eru sko myrkar. Þetta er vísindaskáldskapur og hryllingur í samsöðningi sem þú hefur ekki séð áður.“

Dagskrá hátíðarinnar í heild má finna á heimasíðu Reykjavík Film Festival. ■

## Leikhúsferðin kolefnisjöfnuð

arnartomas@frettabladid.is

Leikhúsgestum í Tjarnarbíó býðst nú að kolefnisjafna leikhúsferðina þegar miðar eru keyptir á netinu. Framtíð græna er afrakstur samstarfs á milli Tjarnarbíós, tix.is og Kolviðar – Iceland Carbon Fund.



Þetta er svo auðveld leið til að verða grænni og það er rosa gaman að við getum verið fyrst til að gera þetta.

Þar býðst gestum að greiða 150 krónur til viðbótar við miðann sinn sem rennur óskipt til Kolviðar sem sér um að gróðursetja tré fyrir upphæðina, en gestum er frjálst að greiða meira ef þeir vilja.

„Ég vildi svo mikið geta sagt að þetta hafi verið mín hugmynd en þá væri ég að ljuga,“ segir Sara Martí Guðmundsdóttir,



Sara Martí ásamt Sindra Má Hannessyni frá tix.is og Reyni Kristinssyni frá Kolvið.

MYND/ADSEND

leikhússtjóri Tjarnarbíós. „Ég bjó í Bretlandi í fimm ár og þar hefur lengi verið hægt að gera svona til að styrkja góðgerðarstarfsemi eða loftslagsmál. Þetta er svo auðveld leið til að verða grænni og það er rosagaman að við getum verið fyrst til að gera þetta – litlu við!“

Tjarnarbíó mun þá einnig greiða fyrir

kolefnisjöfnun á öllu prentverki hússins á borð við kynningarbæklinga og leikskrár.

„Það kom í ljós þegar ég talaði við Kolvið að það kostar ekki svo mikið að kolefnisbinda allt það sem við prentum,“ segir hún. „Meira að segja lítill batteri eins og við getum tekið þátt í svona.“ ■





**AVATAR**  
THE WAY OF WATER  
KOMIN Í BÍÓ

**GOLDEN GLOBE AWARDS**  
NOMINEE

**BEST MOTION PICTURE**

JAMES CAMERON, p.g.a. • JON LANDAU, p.g.a.

**BEST DIRECTOR** MOTION PICTURE

JAMES CAMERON





## Dagskrá

## Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin  
19.00 Mannamál Einn sigildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekktu einstaklinga um líf þeirra og störf.  
19.30 Suðurnesja-magasin Vikurfréttir  
20.00 Fjallaskálar Íslands  
20.30 Fréttavaktin  
21.00 Mannamál

## RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi  
13.10 Kastljós  
13.35 Útsvar  
14.45 Á tali hjá Hemma Gunn 1990-1991  
15.55 Matur með Kiru  
16.25 Djók í Reykjavík  
16.55 Basl er búskapur  
17.25 KrakkaRÚV  
17.26 Sögur af apakóngi  
18.00 Ofurhetjuskólinn  
18.15 Krakkafréttir  
18.20 Lag dagsins Grúska Babúska - Brokk  
18.30 Fréttir  
18.55 Veður  
19.00 HM stofan Upphitun fyrir leik Íslands og Portúgal.  
19.20 Ísland - Portúgal Bein útsending frá leik Íslands og Portúgal á HM karla í handbolta.  
21.00 HM stofan  
21.30 Okkar á milli Sigurlaug Margrét Jónasdóttir fær til sín góða gesti úr öllum áttum og ræðir við þá undir fjögur augu. Gestirnir eiga það sameiginlegt að hafa áhuga-verða sögu að segja. Lenya Rún er varapingmaður Pírata. Hún glímir við átröskun og var föst í því að vera fullkomin. Viku eftir að hafa verið gestur í Silfrinu var hún lögð inn á Klepp. Lenya Rún er gestur í Okkar á milli.  
22.00 Tíufréttir  
22.15 Veður  
22.20 Lögregluvaktin  
23.00 Við Ljúfsárir gamanþættir um Petersen-fjölskylduna sem fer í frí um Evrópu. Fjölskylduáðirinn reynir að vinna aftur ást eiginkonu sinnar og sættast við son sinn. Þættirnir eru byggðir á samnefndri metsölubók eftir David Nicholls. Aðalhlutverk: Tom Hollander og Saskia Reeves. e.  
00.00 Dagskrárlök

## Sjónvarp Símans

- 12.00 Dr. Phil  
12.40 The Late Late Show with James Corden  
13.25 The Block  
17.00 Players  
17.40 Dr. Phil  
18.25 The Late Late Show with James Corden  
19.10 The Block  
21.00 The Resident Læknadrama af bestu gerð. Söguviðid er Chastain Park Memorial-spítalinn í Atlanta þar sem læknar með ólíkar aðferðir og hugsjónir starfa.  
21.50 NCIS: Hawaii Bandarísk saka-málasería sem fjallar um rannsóknarsveit bandaríska sjóhersins í Hawaii. Aðalhlutverkið leikur Vanessa Lachey.  
22.40 Walker  
23.25 The Late Late Show with James Corden

## Stöð 2

- 08.00 Heimsókn  
08.15 Grand Designs  
09.00 Bold and the Beautiful  
09.25 Race Across the World  
10.25 Nei hættu nú alveg  
11.05 Making It  
11.45 The Greatest Dancer  
13.30 The Carrie Diaries  
14.15 Professor T  
15.00 Lego Masters USA  
15.45 The Masked Singer  
16.50 Home Economics  
17.10 Bold and the Beautiful  
17.35 The Carrie Diaries  
18.20 Veður  
18.30 Fréttir Stöðvar 2  
18.50 Sportpakinn  
18.55 Ísland í dag  
19.05 The Cabins Rómantískir raunveruleikaþættir um einhleypa einstaklinga sem eyða 24 tímum saman í notalegum skála þar sem fyrsta stefnumótid byrjar. Eftir þann tíma þurfa þau að segja til um hvort neistar hafi kviknað og ef þau vilja eyða meiri tíma saman.  
19.55 Rutherford Falls  
20.25 Vampire Academy  
21.10 NCIS  
22.00 Sorry for Your Loss  
22.30 The Midwich Cuckoos  
23.15 Silent Witness  
00.10 Succession  
01.10 Magnum P.I.  
01.50 Grand Designs  
02.35 Race Across the World  
03.35 Making It  
04.20 Professor T  
05.10 Home Economics

## Dóra Jóhannsdóttir leikstjóri í Mannamáli kvöldsins

Leikstjóri eins besta áramótaskaups í manna minnum er gestur í Mannamáli kvöldsins, en þar fer Dóra Jóhannsdóttir yfir ferilinn og er hvergi ósmeyk við að lýsa ofvirkni sinni og drykkjuhneigð frá árum áður – og hvað það var einmitt sem bjargaði henni frá búsinu, en kannski var það þakklaetið eftir allt, sem hún þurfti að vísu að æfa, en það hafði gleymst á öllu djamminu. ■



## Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

## LÁRÉTT

- 1 útlit  
5 upphaf  
6 fæði  
8 linast  
10 vigtaði  
11 hrisgrjón  
12 ýmist  
13 tónlist  
15 nárar  
17 slagorð

## LÓÐRÉTT

- 1 mannár  
2 einleikur  
3 stjaka  
4 efni  
7 baktalari  
9 ilát  
12 tær  
14 amboð  
16 óðagot

LÁRÉTT: 1 ásynd, 5 röt, 6 el, 8 slakna, 10 vó, 11 rís, 12 sumt, 13 kirkur, 15 kríkan, 17 frasi, 18 óþæg, 2 sólo, 3 yta, 4 denim, 7 lastari, 9 krukka, 12 skir, 14 orf, 16 as.


## Sudoku

	5		3					1
			3	6	1		2	9
7			8					
4		7				6		
3				4			1	
	1		2	3		4		5
5	7						2	8
	8	2	1	7		5		
			4					

		5			6	7		
1	2	9		7			8	
								9
	3						4	
		6				9	5	
8	7		1		3			
		4	2	9		6		
9	1	5						4
								8

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Pondus



## Eftir Frode Øverli



FKA

## FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Fimmtudaginn 26. janúar gefur Fréttablaðið út sérblað um:

# KONUR Í ATVINNULÍFINU

Eitt stærsta blað og vinsælasta sérblað ársins kemur nú út 7 árið í röð. Frábært blað til að kynna konur í öllum stöðum í ykkar fyrirtæki.

Því fyrr því betra með að ná inn í blaðið og fá fina staðsetningu.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:  
Jóhann Waage Markaðsfulltúi Fréttablaðsins  
Sími 550-5656/ waage@torg.is

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



Hjörtur Jóhann Jónsson og Sólveig Arnarsdóttir fara með aðalhlutverkin í uppsetningu Borgarleikhússins á Macbeth eftir William Shakespeare. Þau segja hlutverk hinna morðóðu skosku konungshjóna hafa heltekið þau í æfingaferlinu.

Macbeth eftir William Shakespeare er hátíðarsýning Borgarleikhússins 2023. Leikstjóri verksins er hin litáíska Ursule Barto sem er rísandi stjarna í leikhúsheimi Evrópu og kemur með nýja og ferska nálgun að þessu burðarverki leikhúsbókmentanna.

**Sólveig:** „Þetta er ekki bara persónuleg saga Macbeth-hjónanna eða að þau séu svona ótrúlega vond heldur búa þau í heimi sem gerir þeim þetta kleift og styður þau í þeirra illgjörðum. Maður finnur mjög fyrir því hjá Ursule, af því við hittumst og töluðum saman fyrir innrás Rússa í Úkraínu og svo eftir, að það varð breyting á áherslum. Pútín er ekki bara einn að ráðast inn í Úkraínu, heimurinn sem hann kemur úr styður það.“

**Hjörtur:** „Það er mjög áhuga-vert að eiga í samtali um ástandið í Evrópu og heiminum í dag við manneskju frá Litáen sem hefur náttúrulega verið með Rússland í bakgarðinum alla sína sögu. Meira að segja er 13. janúar, frumsýningar- dagurinn okkar, blóðugur dagur í sögu Litáen eftir að þau lýsa yfir sjálfstæði frá Sovétríkjunum og eiga í blóðugri baráttu við sovéska herinn. Heimurinn í Macbeth er í lyktil- hlutverki, myndi ég segja. Þetta er heimur þar sem það er búið að opna dyrnar fyrir ofbeldi og mannhatri sem er stærra og meira en endilega bara persónulegur vilji hvers og eins. Þetta er einhver konar vírus úr heft og ofbeldi sem breiðir úr sér og enginn sleppur undan.“

#### Ekki venjulegar manneskjur

Macbeth er eitt þekktasta verk Williams Shakespeare og segir frá því þegar lif ungs hermanns gjörbreytist eftir að hann heyrir spádóm þriggja norna um að hann muni verða konungur Skotlands. Verkið fjallar um sjúka valdabaráttu og það hvernig metnaðargirni getur umturnast í harðstjórn.

**Sólveig:** „Það sem ég held að sé líka mikilvægt og mér finnst áhuga-vert sem nálgun að Shakespeare, er að þegar þú ert að fást við persónur eins og Macbeth-hjónin eru þetta ekki bara venjulegar manneskjur með venjulegan sálfræðilegan boga í sínu lífi. Allar þessar persónur Shakespeares eru á miklu stærri skala, þetta eru næstum því god-sagnakenndar persónur. Þú getur ekki njörvað þær niður í okkar hversdagslega, sálfræðiþenkjandi líf.“

Á Shakespeare alltaf jafn mikið erindi, er Macbeth kannski bara samtímaverk?

**Hjörtur:** „Mér finnst það. Ég held að það sé þessi klisja sem er bara



## Heltekin af Macbeth



Þorvaldur S. Helgason  
tsh  
@frettabladid.is

klisja af því hún er sönn, að það eru svo sterkir sammannlegir eiginleikar í öllum þessum verkum sem gera það að verkum að það er alltaf hægt að finna leiðir til að stinga þeim í samband við nútímann.“

#### Fasismi og ofbeldismenning

Macbeth var fyrst sett á svið fyrir meira en 400 árum síðan og hefur verið sett upp á alla mögulega vegu um allan heim. Hjörtur segir þó alltaf vera hægt að finna nýja fleti á verkinu eftir því hvað er í gangi í heiminum hverju sinni.

**Hjörtur:** „Það er mjög merkilegt að skoða þetta verk í gegnum linsu stríðs í Evrópu og þessa mikla upp- gangis öfgahægristefnu. Það eru fasistahreyfingar að poppa inn í ríkisstjórnir alls konar Evrópu- þjóða og úti um allan heim. Talandi um ofbeldismenningu þá er fasismi nánast ekkert nema það og þá ein- hvern veginn finnst manni það mjög brýnt og videigandi að skoða þetta verk í því samhengi.“

Sólveig segir lykिलinn að því að túlka persónur Shakespeares vera að læra textann vel, leyfa honum

að standa óbreyttum og láta hann verða hluta af leikaranum.

**Sólveig:** „Textinn einn og sér er ástæðan fyrir því að við erum ennþá að leika Shakespeare 400 árum síðar, hann er svo ríkur, sterkur og stór og myndirnar eru svo stórkost- legar. Ég held að það sé mjög mikil- vægt að fara ekki með einhverja nútíma sálfræðigreiningu inn í þessar persónur, ég held að þú eigin- lega drepir þær með því.“

#### Bölvun Macbeths

Ýmsar sögusagnir tengjast leikritinu Macbeth, þar á meðal sú hjátrú að leikarar megi ekki segja nafn verks- ins upphátt, ellegar hljóti þeir verra af. Það hefur því fengið á sig ýmis gælunöfn á borð við „skoska leik- ritidi“.

**Sólveig:** „Ég heyrði ótrúlega skemmtilega sögu um að þetta komi til vegna þess að þegar Macbeth var sýndur þá elskaði fólk þetta verk og flyktist í leikhúsin. Þetta var alltaf öruggur hittari, bara eins og að setja upp góðan söngleik á Íslandi.“

**Hjörtur:** „Þetta var Mamma Mia! sins tíma.“

**Sólveig:** „Já, í gamla daga, á tímum Shakespeares, þá voru gríðarlega mörg litil leikhús sem voru einkarekin í London og með styrktaraðila eins og við erum með í dag. Ef leikhúsin voru farin að ganga illa þá var yfirleitt ákveðið að setja Macbeth á dagskrá en það mátti samt ekki kvisast út fyrir fram að það ætti að fara að sýna verkið því

þá hefðu styrktaraðilarnir fáttað að það væri farið að ganga illa og dregið peningana sína til baka. Svo var bara frumsýnt, leikhúsið fylltist og búið að bjarga fjárhagnum.“

Að sögn Sólveigar er búið að vera óvenjulega mikið um slys, veikindi og óhöpp í æfingaferlinu. Hjörtur bætir því þó við að honum hafi verið mikið í mun að detta ekki í hjátrúna og hafi því lagt sig fram við að segja nafn sýningarinnar sem oftast strax þegar æfingatímabilið hófst.

#### Ekki mönnum sinnandi

Þetta er í fyrsta sinn á ferli beggja sem Hjörtur og Sólveig leika í Macbeth. Þau segja að fá önnur hlut- verk heltaki leikara jafn mikið og hlutverk hinna morðóðu skosku konungshjóna.

**Sólveig:** „Ég hef eiginlega aldri verið jafn heltekin af nokkrum karakter eða persónu eins og Lafði Macbeth. Ég er varla mönnum sinn- andi utan æfinga. Yfirleitt hristi ég þetta bara tiltölulega vel af mér og fer svo í Bónus og tek úr vél eins og venjulegt fólk. Ég verð að segja að mér finnst núna þetta leikrit og þessi lafði fylgja mér ansi mikið í gegnum hvunnudaginn.“

**Hjörtur:** „Ég segi það sama, maður er alveg eins og bjáni þegar maður er ekki hér. Ég skil allar mínar heilasellur eftir hér hjá Macbeth og í Skotlandi. Sem er auðvitað mjög gaman en ekki kannski fyrir maka manns og fjölskyldu.“ ■

Sólveig og Hjörtur urðu heltekin af konungshjón- unum morðóðu.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ERNIR



Þetta var Mamma Mia! sins tíma.

Hjörtur Jóhann Jónsson

## Listin sem breytti lífi mínu



**Ragnar Helgi Ólafsson** rithöfundur og listamaður, segir frá listinni sem breytti lífi hans. „Hvert sem er, svo lengi sem það er utan þessa heims,“

er ákall sálarinnar samkvæmt Baudelaire. Einstök listaverk færa mann stundum þangað: Rétt út fyrir heiminn – oftast reyndar með því að opna hurð inn í herbergi sem einmitt leyntist í líkama manns sjálfs en maður hafði fram að því ekki hugmynd um að væri til.

Nýlega varð ég fyrir slíkri reynslu þegar ég rambaði inn í litla kirkju í Róm og stóð óundir- búinn frammi fyrir Alsælu Teresu frá Avila eftir Berníní. Seinna sama dag skoðaði ég Hina blessuðu Lúdvíku Albertóní. Ég þurfti að fara heim að leggja mig eftir það. Verk Bernínis eru engum lík en þessi tvö eru í öðru herbergi, þar sem snerting guðdómsins verður að marmarakenndri líkamlegri alsælu. Uppljómun.

Hljómplatan Astral Weeks magnar ólíkan seið. Hún var að miklu leyti spunnin í hljóðverinu á meðan segulbandið rúllaði og er einhverskonar höggmynd af list- rænu frelsi eða bara frelsi: Söngur



„Og þegar ég gekk út í haustsólina leið mér eins og til væri sirkús og mögulegt væri að strjúka með honum.“

Vans Morrisons og bassaleikur Richards Davis eru enda örugglega á astralsviðinu.

Píanóverkið Für Aline eftir Arvo Pärt hafði sviðuð áhrif á mig þegar ég heyrði það fyrst, eða nei, reyndar eiginlega alltaf þegar ég heyri það: Nýtt herbergi en öfugt við mörg hinna er það afar stórt og í því er ekki nokkur hlutur; alveg öfugt við herbergið sem bókin í verum eftir Theódór Friðriksson lauk upp fyrir mér, en það var afar þröng kompa, moldug og sagga- full, en afar mikilvæg.

Á morgun mun ég muna eftir öðrum listaverkum en í dag þá er elsta dæmið um svona upplifun sem hrekkur upp í vitundina frá

haustinu 1987 þegar ég læddist inn sýningu á kvikmyndahá- tíð í Laugarásbíói. Ég var 15 eða 16 ára. Leið eins og snjóbolta í helvíti undir heitum stjörnu- ljósunum í loftinu, umkringdur svölum menningarvitum. Á endanum lækkuðu ljósin. Myndin var Strokufangarnir, eða Down By Law, eftir Jim Jarmusch; Chaplin okkar daga, Roberto Benigni í aðalhlutverki ásamt Tom Waits sem einnig gerði tónlistina. Þar opnaðist hurð. Og þegar ég gekk út í haustsólina leið mér eins og til væri sirkús og mögulegt væri að strjúka með honum – eitthvað burt, hvert sem er út úr þessum hversdagslega heimi. ■



# Jakkinn talar

Nýr einkennisklæðnaður samninganefndar verkalyðsfélagsins Eflingar, hinn glæsilegi bomber-jakki, hefur vakið verðskuldaða athygli. Það er ekki að ástæðulausu sem þessi fatnaður varð fyrir valinu enda sendir enginn klæðnaður eins sterk skilaboð og jakkar. Hér eru nokkrir af þekktustu jökkum allra tíma.

odduraevar@frettabladid.is



## Hells Angels

Um árabíl hafa meðlimir þessara þekktustu glæpaklíku í heimi reglulega verið reknir af landi brott, nú síðast í nóvember. Sennilega eiga fá samtök eins vel þekktu leðurjakka og hinar ýmsu undirdeildir Hells Angels um allan heim.

## Masters-jakkinn

Líklega frægasti jakki íþróttahéimsins og þótt víðar væri leitað. Einungis sigurvegarar Masters-mótaradarinnar fá græna Masters-jakkann og fá hann til varðveislu í eitt ár þar til þeir þurfa að skila honum.



Samninganefnd Eflingar hefur ekki látið sjá sig í neinu öðru en bomber-jökkum síðastliðnar vikur, svo athygli vekur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



## Indiana Jones

Harrison Ford átti líklega besta hlutann á sínum ferli á níunda áratugnum. Þá sló hann í gegn í Star Wars og blés svo lífi í þekktasta fornleifafræðing

veraldar, sjálfan Indiana Jones. Jones væri ekkert án síns brúna leðurjakka sem er eins nauðsynlegur hluti af búningnum og hatturinn frægi.

## Kalli Bjarni

Úr því að Idolið er byrjað aftur af fullum krafti er ekki úr vegi að minna á einn þekktasta jakka landsins. Jakkann sem Kalli Bjarni skartaði þegar hann vann fyrsta Idolið árið 2004. Jakkinn fór á Hard Rock en glataðist svo í mörg ár þar til Kalli Bjarni sjálfur hafði upp á honum aftur.



## Twedjakki Raggi Bjarna

Það er ekki hægt að nefna jakka án þess að hugsa til konungsins sjálfs, söngvarans Ragnars Bjarnasonar. Hann söng enda í áraradír um flottan jakka, tvít tvít.



## Grease

Hvort sem það eru rosaegir T-Birds-leðurjakkar John Travolta og féлага eða bleikir Pink Ladies jakkar Oliviu Newton-John og vin-

kvenna, þá er augljóst að það eru fáir jakkar eins þekktir og Grease-jakkarnir úr samnefndri söngvamynd frá 1978.

## ■ Sérfræðingurinn

# Bomberinn klassísk flík sem vekur athygli

## Hvernig list þér á Eflingarjakkana?



### Gummi kíró

„Það fyrsta sem ég hugsaði um þegar ég sá þessa jakka er kannski þetta yfirbragð sem þau hafa þegar þau eru öll mætt í þessum svarta bomber-jakka. Þau eru svolítið eins og

hættulegt mótorhjólagenti sem maður er þínu hræddur við.

Varðandi jakkann sjálfan er svartur bomber-jakki auðvitað klassísk flík. Ef þau væru kannski meira brosandir og gæfu frá sér meiri ást og kærleika í fasi væri kannski meiri jákvæðni yfir klæðnaðinum og þá kæmi það kannski betur út á þann háttinn í fjölmörgum.

Ég sjálfur hefði valið svona vínrauða bomber-jakka í aðeins meira oversized sniði. Þá hefði verið hlýrra viðmót frá þeim og

þau hefðu verið í dúndrandi nútímatísku, þar sem bæði vínrauður og þínu oversized bomber-jakki er bara sjóðandi heitt akkúrat núna.

Yfir heildina finnst mér þetta uppátæki samt bara frekar töff og gerir það sem gera skyldi, vekja athygli og það er oft það sem tiska gerir. Ég er mjög hrifinn af þessu þótt það megi kannski laga þetta fúla yfirbragð sem er oft svona hjá þessu yndislega fólki að öðru leyti og ég styð þeirra baráttu að sjálfsgöðu.“



### Böðvar Þór Eggertsson

hársnyrtímeistari „Þetta er svakaleg innkoma hjá Eflingargenginu í nýju jökkunum sínum,“ segir Böðvar og skelli-hlær. „Þegar ég

sá þetta í fréttunum þá var það fyrsta sem kom upp í huga minn myndin Wild Hogs með John Travolta og fleirum góðum þegar þeir dustuðu rykið af gömlum

klíkujökkum og fóru að ferðast um.

En mér finnst jakkarnir alveg töff og mundi sjálfur ganga í svona jakka, en kannski ekki með þessum hætti. Þetta minnir óneitanlega meira á klíku eða mótorhjólagenti frekar en samninganefnd stéttarfélags. Merkið á bakinu sá um það.

En það verður seint tekið af þeim að þetta var innkoma sem vakti athygli og það er örugglega partur af þessu, og Eflingardrottningin virðist vera í vígahug.“ ■



# Gefðu blóð, gefðu líf

Ein blóðgjöf getur bjargað allt  
að þremur einstaklingum.

**Ert þú blóðgjafi?**



Bókaðu tíma á [blodbankinn.is](http://blodbankinn.is)



BLÓÐBANKINN



# Má bjóða þér blað dagsins?


Stafrænar útgáfur



Dreifikerfi



Opnaðu myndavélina í snjalltækinu þínu og skannaðu QR kóðana



Sólveig Anna segir að jakkarnir henti loftslaginu á Íslandi betur en stuttermabolir, enda kalt í veðri. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Upplifa valdeflingu í bomber

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, segir hugmyndina að jökkum samninganefndar Eflingar hafa kviknað á fyrirlestri hjá bandarískum verkalyðsforkölfum. Félagið fái fyrirspurnir frá fólki sem vilji kaupa jakka.

odduraevar@frettabladid.is

„Við höfum mikið verið að spá í baráttu verkafólks, ekki bara hér á Íslandi heldur líka úti um allan heim,“ segir Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, spurð að því hvaðan hugmyndin að svörtum bomber-jökkum samninganefndar Eflingar hafi komið. Nefndin hefur klæðst jökkunum í Karphúsinu undanfarnar vikur svo athygli hefur vakið.

„Við höfum verið að kynna okkur baráttuna annars staðar og höfum meðal annars setið námskeið hjá verkalyðsfrömuði bandarískum sem heitir Jane McAlevey, sem hefur leitt mjög mikið af mjög árangursríkum kjaraviðræðum og kjarabaráttu þar,“ segir Sólveig.

„Í þessari rannsóknarvinnu okkar sáum við að það er alþekkt að fólk sem er í kjarasamningsviðræðum og kjarabaráttu sýni samstöðu hvert með öðru og sýni út í samfélagið að það tilheyrir þá þeim hóp sem er í þessari kjarabaráttu, með því að klæðast þá stuttermabolum og eða merkja sig með skýrum hætti.“

Hún segir hópinn hafa hrifist af þessu. „Og viljum auðvitað einmitt geta sýnt að við erum fjölmennur hópur sem stendur saman. Það er kannski ekki alveg raunhæft fyrir fólk á Íslandi um haust og vetur að fara í stuttermaboli, þannig að við ákváðum að fá okkur jakka í staðinn. Sem er þá það sem við gerðum.“

**Tók langan tíma að velja jakkann?**  
„Nei, það tók nú bara ekkert langan tíma. Þetta þurfa náttúrulega að vera jakkar sem eru smart og fara öllum og fólk vill fara í. Þannig að svartur, einfaldur jakki með merki uppfyllir þau skilyrði.“

Margir hafa líkt samninganefnd Eflingar við mótörhjólaklíku. „Já,



Það er ekki hægt að neita því að Eflingarfólk er nokkuð vigalegt í jökkunum.



**Þetta þurfa náttúrulega að vera jakkar sem eru smart og fara öllum og fólk vill fara í.**

ókei,“ segir Sólveig Anna hlæjandi þegar það er borið undir hana.

„Við vorum samt ekkert að þæla í því sko. En þú veist, það getur alveg verið töff að vera í mótörhjólaklíku. Það er svona almennt í það minnsta álitid frekar kúl. En það var samt ekki það sem við vorum að spá, við vorum að horfa á þetta eins og ég segi, baráttu verkafólks í öðrum löndum og svo sökum almenns hitastigs hér þá fannst okkur stutt-

ermabolir ekki alveg vera málið fyrir okkur, ekki það að það er auðvitað líka alveg fínt að eiga stuttermaboli og kannski bara bætum við því við. En jakkarnir, þeir voru niðurstaðan.“

**Hafið þið upplifað valdeflingu í jökkunum á fundunum?**

„Bara algjörlega. Ég meina, það er bara þannig að það er auðvitað mjög valdeflandi fyrir okkur að koma saman í stóru samninganefndinni. Og öll baráttu Eflingar síðustu ár hefur náttúrulega verið valdeflandi fyrir okkur í félaginu. Við tókum þetta félag og breyttum því úr sofandi rísa í öflugasta baráttufélag verka- og láglaunafólks á þessu landi. Þannig að já, ég myndi segja að það að mæta saman í jökkunum sé að sjálfsögðu valdeflandi.“

Sólveig Anna bætir því við að mikill áhugi sé á jökkunum. „Við höfum fengið fyrirspurnir um það hvort það sé hægt að kaupa svona jakka, af því að fólk finnst þeir vera töff sko. Við erum ekki ennþá komin á þann stað en hver veit hvað verður.“ ■



# Appþilboð!

12.–13. janúar

Þorrabakki  
Fyrir 4



appsláttur  
**25%**  
inneign  
í appinu

Afsláttur í formi inneignar  
í Samkaupa-appinu. Sæktu  
appið og safnaðu inneign.



nettó



## Bakþankar

Ebbu Guðnýjar  
Guðmundsdóttur

## Að treysta

Ég keypti mér einu sinni nokkrar hugleiðslur sem ég hlustaði mikið á. Ein þeirra fjallaði um bönda sem lenti í alls konar veseni. Fólk í kringum hann kepptist við að segja honum að þetta og hitt sem gerðist væri ýmist alveg frábært eða mjög hræðilegt. En hann sagði alltaf bara rólegur: „Við skulum sjá hvernig þessu fram vindur.“ Og svo kom á daginn að ýmislegt sem fólk hélt að væri hræðilegt, reyndist frábært og ófugt. Þannig gekk þetta í hringi á meðan hann var alltaf rólegur bara, sama á hverju gekk.

„Maður veit ekki alltaf hvað er best fyrir mann.“ Þetta sagði víst langamma mín alltaf. Því er mun auðveldara og jafnvel heilbrigðara fyrir mann að reyna að treysta því að allt sé eins og það eigi að vera og reyna að trúa því að það komi eitthvað gott út úr þeim hindrunum eða uppkomum sem á vegi manns verða. Að það sé einhver tilgangur með þeim svo maður hvíli betur í sátt innan í sér, þegar lífið er að gerast allt í kringum mann. Mjög oft þvert á þau plön sem maður hafði gert.

Þetta er auðvitað mjög erfitt og krefst bæði æðruleysis og hugrekkis en það er líka mjög ljúfandi andlega að reyna að stjórna öllu og öllum daginn út og inn. Eða vera stöðugt að streitast á móti. Það getur skapað mikla togstreitu, innri ófrið, áhyggjur og átök.

Ég er ekki búin að ná tókum á þessu en held áfram að reyna. Það er ákveðið frelsi fólgandi því að leggja stundum árar í bát, leggjast jafnvel út af og leyfa sér að fljóta og njóta útsýnisins án þess að dæma eða hugsa stöðugt tíu leiki fram í tímann. ■

ÍÞRÓTTAVIKAN  
MEÐ BENNA BÓ  
FÖSTUDAGA KL. 21.00

HRINGBRAUT

ÚTSÖLU  
MARKAÐUR  
Komdu og gramsaðu20-50% AF  
VÖLDUM  
VÖRUM50% JÓLAVÖRUR 30-50% LEIKFÖNG  
30% PLASTBOX 25% INNIMÁLNING,  
PARKET, FLÍSAR, GROHE OG  
DAMIXA BLÖNDUNARTÆKI  
20% VERKFÆRABOX, JÁRNHILLUR,  
ÖRYGGISSKÓR

Birt með fyrirvara um prentviltur og/eða myndabrengl.

SAMAN Í  
60 ÁR

BYKO